

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 5. júní 2024

Mál nr. S-4426/2023:

Héraðssaksóknari

(Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Guðmundi E. Briem Sigurvinsyni

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 13. maí sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 13. júlí 2023, á hendur: „Guðmundi E. Briem Sigurvinsyni, kt. [...], [...], Reykjavík, fyrir fyrir nauðgun, með því að hafa aðfararnótt fimmtudagsins 2. september 2021, að [...] í Vestmannaeyjum, haft samræði og önnur kynferðismök við A, kt. [...], gegn hennar vilja, með því að beita hana ofbeldi og ólögumatri nauðung, en ákærði sló hana nokkrum sinnum með flötum lófa í andlitið, reif í hár hennar, tók hana kverkataki, þannig að hún átti erfitt með andardrátt, og hélt henni niðri á meðan hann hafði við hana samræði, en ákærði lét ekki af háttseminni þrátt fyrir að A hafi ítrekað beðið hann að hætta.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000,- auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. ml. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 2. september 2021, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Auk þess er krafist

að ákærða verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

[...]XXX-XXXX-XXXXXX

Þann 9. febrúar 2024 gaf héraðssaksóknari út ákæru á hendur ákærða og var meðferð málanna sameinuð, sbr. 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði er þar ákærður fyrir: „brot í nánu sambandi, en til vara fyrir hótun og líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 21. maí 2020, veist með ofbeldi að þáverandi sambúðarkonu sinni B, kennitala [...], á sameiginlegu heimili þeirra að [...] í Hafnarfirði, en ákærði tók B á öxl sér þar sem hún reyndi að komast undan honum og skellti henni niður svo hún skall með hnakkann í gólfið, tók hana hálstaki svo hún átti erfitt með andardrátt og lá við yfirliði, sparkaði ítrekað í maga hennar og búk og skvetti vatni með freyðandi töflu í andlit hennar og augu og lagði hníf að hálsi hennar og hótaði að skera hana á háls, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut af flekkblæðingar og rispur á hálsi, yfirborðsáverka á hægri öxl og hægri hluta andlits og neðan auga og var þessi háttsemi ákærða til þess fallin að vekja hjá henni ótta um líf sitt og heilbrigði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 217. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000 með vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 2.000.000 frá 21.5.2020 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er kynnt fyrir ákærða en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga fá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um greiðslu þóknunar við réttargæslu að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að teknu tilliti til virðisaukaskatts á réttargæsluþóknun úr hendi ákærða.“

[...]XXX-XXXX-XXXXXX

I

1. Ákærði krefst að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá krefst hann þess að báðum bótakröfunum verði vísað frá dómi en til vara að fjárhæð þeirra verði stórlega lækkuð. Loks krefst ákærði þess að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði. Verjandi ákærða krefst hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist greiðist úr ríkissjóði.
2. Eins og að framan er rakið var eldri ákæran á hendur ákærða gefin úr 13. júlí 2023. Var málið þingfest 19. september 2023 og aðalmeðferð málsins þá ákveðin 4. desember 2023. Henni var síðan frestað til 27. febrúar 2024 vegna veikinda þáverandi sækjanda málsins. Áður en til þess kom var málið tekið fyrir 21. febrúar 2024 til sameiningar máli nr. S-965/2023 er varðar ákæru dags. 9. febrúar 2024, sbr. 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Jafnframt óskaði sækjandi og verjandi eftir því að fyrirhugaðri aðalmeðferð málsins 27. febrúar 2024 yrði frestað. Í kjölfar þess var aðalmeðferð ákveðin utan réttar 18. og 19. apríl 2024. Hófst aðalmeðferð málsins 18. apríl og var henni fram haldið daginn eftir en ekki tókst að ljúka henni. Var framhaldsaðalmeðferð málsins ákveðin 13. maí og var málið dómtekið þann dag.

II

Málsatvik, ákæra 13. júlí 2023

3. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Vestmannaeyjum barst henni aðfaranótt 2. september 2021 tilkynning um nauðgun og líkamsárás skömmu áður eða kl. 03:30 um nóttina. Um svipað leyti og tilkynningin barst var brotþoli, A, að koma á lögreglustöðina ásamt vitninu C.
4. Er rakið í skýrslunni að C hafi þá sagt að brotþola hefði verið nauðgað skömmu áður og atvik gerst að [...] í íbúð sem vitnið og brotþoli leigðu. Þær tvær hefðu verið þar í samkvæmi ásamt ákærða og D. Brotþoli hefði farið með ákærða inn í herbergi á neðri hæðinni en hún svo komið hlaupandi upp stigann nakin 20–30 mínútum seinna og sagt að ákærði hefði nauðgað sér. Kvaðst C hafa aðstoðað brotþola við að klæða sig, þær forðað sér út úr húsinu og hún hringt í móður sína, E, sem hefði komið skömmu síðar og skutlað þeim á lögreglustöðina.
5. Þá segir í skýrslunni að brotþoli hafi verið miður sín, grátbólgin og rauð á hægri kinn. Kvaðst hún hafa farið með ákærða inn í sitt herbergi sem væri í kjallara hússins. Þar hefðu þau haft samfarir en þegar hann hefði byrjað að lemja hana og slá hefði hún sagt

honum að hætta en hann ekki gert það. Hefði hún sagt ákærða að hún þyrfti að fara á salernið og hefði hann þá hleypt henni þangað en hún þá hlaupið upp og látið C vita hvað hefði gerst.

6. Kom fram hjá brotþola og C að ákærði og D væru skipverjar á [...]. Ræddi lögregla við skipstjórnann á [...] sem kvaðst vera farinn á sjó. Hefðu ákærði og D ekki mætt um borð og biðu þeir þess á bryggjunni að verða sóttir. Fann lögregla þá á bryggjunni skömmu síðar og var ákærði þá handtekinn kl. 04:25 grunaður um nauðgun og fluttur á lögreglustöð. D sýndi lögreglu myndband af ákærða og brotþola að kyssast og kvaðst hann hafa tekið það upp áður en meint nauðgun átti sér stað. Brotþoli var fyrst flutt á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum en síðan á neyðarmóttöku Landspítalans til skoðunar.
7. Skýrsla var tekin af brotþola á heilbrigðisstofnuninni. Í skýrslunni kemur fram að hún hafi þá verið í miklu uppnámi, grátandi og rauð vinstra megin á vanga, við höku. Kvaðst hún hafa, ásamt C, hitt ákærða, D og F á bar og hefðu þau öll farið heim til hennar og C á [...] eftir lokun. Hún og ákærði hefðu verið í sófanum að kyssast og ákveðið að fara saman inn í hennar herbergi á neðri hæð hússins til að hafa samfarir. Þar hefði ákærði í stutta stund sleikt á henni þíkuna og þau síðan byrjað samfarir. Hefði ákærði verið ofan á henni allan tímann. Hann hefði byrjað að vera fullgrófur og hefði hún beðið hann að róa sig en ákærði þá slegið hana með flötum lófa fjórum til fimm sinnum utan undir og sagt henni að segja að hún væri hans. Kvaðst hún hafa beðið ákærða að hætta samförunum og ofbeldinu og hefði hann þá tekið hana hálstaki með hægri hendi svo hún komst ekki burt frá honum. Hún kvaðst þá hafa beðið ákærða að leyfa sér að fara á salernið áður en hún myndi fá það og hefði hann leyft henni það en reynt að grípa í hana þegar hún stóð upp úr rúminu. Hún hefði síðan hlaupið nakin upp stigann og inn í herbergi C sem hefði komið þangað inn og klætt hana í föt. Einnig hefði D komið inn í herbergið og látið ljót orð falla um brotþola. Þær C hefðu farið út úr húsinu og inn í garð við næsta hús og þar hefði C hringt í móður sína sem hefði komið og ekið þeim á lögreglustöð.
8. Skýrsla var tekin af brotþola 3. september 2021. Lýsti hún aðdraganda meints brots á sambærilegan hátt og á heilbrigðisstofnuninni en sagði að ákærði hefði verið ákafur við hana þegar þau sátu í sófanum áður en þau fóru niður. Síðan hefði hún drukkið meira og þau verið að kyssast í sófanum og hefði vinur ákærða tekið upp myndband af því. Hún hefði síðan ákveðið að fara með ákærða niður í herbergi. C og D hefðu þá verið eftir uppi

en F hefði verið farinn. Þau hefðu byrjað að hafa samræði um leggöng og um fimm mínútum seinna hefði ákærði slegið hana svolítið fast í andlitið og hún þá beðið hann að róa sig niður og sagt að hún *flaði* þetta ekki og hefði hann þá ætlað að róa sig. Nokkrum mínútum seinna hefði hann slegið hana aftur hinum megin á andlitið, með opnum lófa, og hefði hún þá sagt honum að hætta en þá hefði hann tekið hana hálstaki. Hún hefði reynt að *þrýsta honum í burtu* en það hefði ekki virkað þannig að hún hefði spilað með. Hann hefði einnig slegið hana tvisvar á meðan hann hélt henni hálstaki og sagt henni að segja hver ætti hana og hefði hún þá átt að segja nafn hans. Kvaðst hún hafa ætlað að leyfa honum að klára en hann hefði sífellt orðið ákafari.

9. Brotapoli kvaðst síðan hafa munað eftir atriði úr bíómynd þar sem stelpa sagðist þurfa að pissa og ekki vilja pissa á viðkomandi. Hefði hún því sagt ákærða að hún þyrfti að fara á salernið. Hún hefði þurft að segja það nokkrum sinnum áður en hann hefði leyft henni að fara. Þegar hún var komin að hurðinni hefði ákærði tekið í hár hennar og sagt *ertu ekki bara að fara á salernið?* en það var við hliðina á herberginu. Hún hefði sagt *já* en hlaupið nakin upp stigann og inn í herbergi C. Vinur ákærða hefði komið þangað inn og reynt að fá hana til að segja sér hvað hefði gerst. Hún hefði bara viljað að þeir færu og hefði hann þá byrjað að öskra á hana og m.a. sagt að hún væri hóra og væri að ljúga. Hefði ákærði einnig komið upp og öskrað á hana. C hefði klætt hana í föt og þær síðan hlaupið út. Brotapoli kvaðst hafa verið mjög drukkin þegar þetta gerðist og einnig ákærði.
10. Nánar um meinta nauðgun sagði brotapolí að þau hefðu bæði verið nakin og hann hefði verið ofan á henni allan tímann og haldið í hár hennar fyrir aftan bak. Hefði þetta verið með hennar samþykki þangað til hann hefði slegið hana í annað sinn en hann hefði alls slegið hana fimm eða sex sinnum, fast með opnum lófa. Þá hefði hún sagt honum að hún vildi hætta. Hefði hana sviðið á eftir og hún verið með *smá för*. Þegar hann hefði tekið um háls hennar hefði hann notað hægri höndina, að því er hana minnti. Kvaðst hún hafa *misst andann* þegar hann hélt um háls hennar. Ákærði hefði á meðan slegið hana tvisvar og haldið áfram samförum við hana. Síðan hefði hann sleppt hálsi hennar og eingöngu haldið um mjaðmir hennar. Kvaðst hún hafa reynt að kalla á hjálp og þá kallað orð sem þær C hefðu talað um að nota ef eitthvað væri að og hin ætti þá að koma inn en ákærði hefði þá sett hönd sína yfir munn hennar. Kvaðst brotapolí hafa verið hrædd meðan á þessu stóð og fundist hún vera föst.
11. Fyrir liggur skýrsla um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotapolá á neyðarmóttöku kl. 09:00 morguninn eftir. Lýsti brotapolí þar atvikum í samræmi við þá lýsingu sem hún

gaf hjá lögreglu og kvaðst hún vera aum í hársverði, hálsi og leggöngum. Er ástandi brotaþola lýst svo, með merkingum í forskráða reiti, að hún hafi verið í losti, í tilfinningalegu jafnvægi, yfirveguð, frásögn hennar hafi verið skýr og hún fengið grátköst og verið með skjálfta. Í niðurstöðu læknis kemur fram að við skoðun hafi ekki verið að sjá áverka á útlimum eða bók. Brotaþoli hafi sagt að hún væri dálítið aum í herðum og ofanverðu baki. Þá hafi hún verið með dreifð eymsli á framanverðum hálsi og hafi þar sést roðablettir sem gætu verið eftir hálstak. Einnig hafi hún verið aum á dreif í hársverði.

12. Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings kom fram að brotaþoli hefði komið kl. 08:45 ásamt vinkonu sinni en móðir brotaþola hefði komið síðar. Er þar skráð frásögn brotaþola og kemur þar fram að ákærði hafi slegið brotaþola ítrekað í andlitið með flötum lófa, togað harkalega í hár hennar, tekið hana hálstaki þannig að hún hefði átt erfitt með öndun og tekið fyrir munninn á henni þegar hún hefði reynt að kalla eftir aðstoð. Er brotaþola lýst svo að hún hafi verið róleg og skýr en þreytt. Engin áfengislykt hafi verið af henni og hún ekki þvoglumælt. Hún hafi ekki verið ölvuð en hafi viðurkennt að hafa drukkið áfengi kvöldið áður. Hafi brotaþoli verið í losti við komu, grátið og verið rauð, þrútin og þreytt að sjá. Henni hafi liðið mjög illa andlega og sagt að hún væri fyrir viðkvæm andlega. Þá hafi hún verið óörugg og lítil í sér en svarað öllum spurningum. Við skoðun hafi hún lýst verk í hársverði, þar sem gerandi hefði tekið fast í hár hennar, og verk við leggöng. Hafi sést roðaskellir á hálsi brotaþola og undir höku þar sem ákærði hafi tekið hana hálstaki og hún verið aum þar. Einnig kemur fram í skýrslunni að brotaþola hafi verið gefið verkjalyf.
13. Samkvæmt læknisvottorði, dags. 21. september 2021, kom brotaþoli á heilbrigðisstofnunina í Vestmannaeyjum í kjölfar meints brots, kl. 06:52. Var þá skráð frásögn brotaþola af atvikum og tekið úr henni blóð- og þvagsýni. Í kjölfarið hafi verið ákveðið að flytja hana á neyðarmóttöku í Fossvogi og hafi hún verið flutt þangað með sjúkraflugi. Er rakið í vottorðinu, samkvæmt nótu læknis frá því daginn eftir, að brotaþoli hafi þá komið aftur og þá verið með marbletti á hægri og vinstri mjöðm og sá sem hafi verið hægra megin hafi verið 3–4 cm og frekar daufur en marið dýpra. Þá segir í vottorðinu að samkvæmt nótum læknis hafi brotaþoli komið aftur 15. september 2021 þar sem hún hefði fengið tvo nýja marbletti. Annar þeirra hafi verið framan á hálsi vinstra megin og mælst 3–4 x 2 cm mest en hinn á vinstra læri utanverðu, neðan við mjöðmina, og hafi hann verið 3 cm á breidd og 8 cm á lengd. Fylgdu vottorðinu ljósmyndir af framangreindum áverkum.

14. Fyrir liggur skýrsla lögreglu vegna skjáskota af upptöku úr síma D þar sem sjá má ákærða og brotþola kyssast. Tæknideild lögreglu rannsakaði vettvang og tók ljósmyndir. Einnig voru teknar ljósmyndir af þeim munum sem þá voru haldlagðir og af fatnaði ákærða og brotþola. Liggja fyrir skýrslur tæknideildar vegna framangreinds ásamt skýringum og má þar m.a. sjá bol og sokka ákærða sem fundust í herbergi brotþola. Þá liggja fyrir ljósmyndir sem teknar voru af áverkum brotþola á neyðarmóttöku. Loks liggur fyrir skýrsla tæknideildar vegna rannsóknar Nationellt Forensiskt Centrum á sýnum frá ákærða og brotþola sem þangað voru send til DNA-greiningar. Er þar rakið að niðurstaða rannsóknarinnar hafi verið sú að í sýni sem tekið var af lim ákærða og af vísifingri og löngutöng vinstri handar hans hafi reynst vera DNA-snið bæði ákærða og brotþola.
15. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði reyndist magn etanóls í þvagsýni sem tekið var úr brotþola kl. 05:40 vera 1,74% auk þess sem kókaín og umbrotsefni þess, benzóýlekgónin, mældust í sýninu. Í fyrra blóðsýninu sem tekið var úr brotþola reyndist vera etanól 1,26%, kókaín 15 ng/ml og umbrotsefni kókaíns 620 ng/ml. Í síðara blóðsýninu mældist 1,10% etanóls. Segir í matsgerðinni að niðurstaða fyrra blóðsýnisins sýni að hlutaðeigandi hafi verið ölvaður þegar blóðsýnið var tekið. Etanólstyrkur hafi verið búinn ná hámarki í blóði viðkomandi og verið fallandi. Það styðji annars vegar niðurstaðan úr síðara blóðsýninu og hins vegar hlutfall milli þvags og blóðs.
16. Ákærði gaf fyrst skýrslu sama dag og atvik gerðust. Hann kvaðst hafa komið í land daginn áður og farið á veitingastað ásamt D og F og þeir borðað þar og drukkið og endað heima hjá brotþola og vinkonu hennar á fylleríi. Kvaðst hann halda að hann hefði einungis verið að spjalla þar og ekki sofið hjá neinni. Þá myndi hann ekki eftir því að brotþoli hefði setið í fangi hans og þau verið að kyssast eins og sæist á myndbandinu sem D tók. Kvaðst hann hafa verið ölvaður, hafa reykt mikið kannabis og tekið kókaín eða amfetamín. Á kvarðanum 1–10 hefði hann verið ölvaður upp á 6. Hann myndi eftir að hafa setið í stofunni og hugsanlega eftir því að hafa farið á salernið og út að reykja. Var ákærða kynnt lýsing brotþola á meintri nauðgun og kvaðst hann ekki kannast við þau atvik eða muna eftir að hafa farið inn í herbergi hennar. Þá var ákærða kynnt að bolur hans og sokkar hefðu fundist í herbergi brotþola og sagði ákærði þá að það gæti verið að hann hefði sofið hjá brotþola þó hann myndi ekki eftir því.
17. Ákærði gaf aftur skýrslu 20. apríl 2022. Voru honum þá kynntar þær niðurstöður DNA-

rannsóknar að DNA úr brotapolu hefði fundist í sýni sem tekið var af lim hans og af löngutöng og vísifingri hans. Sagði ákærði að miðað við þær upplýsingar sem hann hefði fengið virtist hann hafa sofið hjá brotapolu og miðað við það væri ekkert athugavert við að lífsýni úr henni hefðu fundist þarna. Sagði ákærði að það stemmdi ekki að hann hefði nauðgað henni og vísaði til þess að félagi hans hefði farið inn í herbergið eftir að brotapolu var farin fram og hann hefði þá legið þar rænulaus. Velti hann því fyrir sér hvort brotapolu hefði viljað sofa hjá honum en svo séð eftir því af því að hann væri hataður í samfélaginu, og því lagt fram kæru.

18. Fyrir liggur skýrsla um réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða í kjölfar þess að hann var handtekinn. Kemur þar fram að hann hafi ekki verið með neina nýja áverka. Einnig liggur fyrir útprentun úr Fasteignaskrá vegna [...], Vestmannaeyjum, og kemur þar fram að um er að ræða [...] fermetra einbýlishús, byggt úr timbri árið [...]. Þá liggur fyrir útprentun úr sjúkraskrá brotapolu. Þar kemur fram að brotapolu hafi leitað sér sálfræðiaðstoðar í kjölfar brotsins og greint frá áfallaeinkennum og sjálfsvígshugsunum í kjölfar þess. Einnig verður ráðið af gögnunum að brotapolu hafi hætt að sinna meðferðinni.
19. Samkvæmt matsgerð framangreindar rannsóknastofu reyndist magn etanóls í blóðsýni sem tekið var úr ákærða vera 2,02‰ og tetrahýdrókannabínól 1,4 ng/ml. Samkvæmt málgögnum var sýnið tekið kl. 6:45. Segir í matsgerðinni að hlutaðeigandi hafi verið talsvert ölvaður þegar blóðsýnið var tekið og einnig verið undir vægum slævandi áhrifum tetrahýdrókannabínóls. Etanól og tetrahýdrókannabínól séu að fullu samverkandi og geti aukið slævandi áhrif hvort annars.
20. Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af D, F, C og E en ekki er ástæða til að rekja efni þeirra.

III

Málsatvik, ákæra 9. febrúar 2024

21. Rannsókn málsins hófst þegar brotapolu gaf skýrslu 8. júní 2020 vegna annarra atvika. Lýsti hún því þá að ákærði hefði ráðist á hana aðfaranótt 21. maí 2020 í íbúð sem þau hefðu verið með á leigu að [...] en síðar kom í ljós að um var að ræða hús nr. [...]. Hefði ákærði þá ráðist á hana og tekið hana kyrkingartaki og hóttað henni. Kvaðst hún hafa leitað til læknis í kjölfarið. Þegar þetta gerðist hefði hún viljað fara heim og hætta með ákærða og verið að pakka saman dótinu sínu og beðið ákærða um koddann sinn. Hann hefði þá byrjað að slá hana í bakið með koddanum og síðan tekið í mitti hennar og sett

hana yfir axlir sér og hent henni frá sér þannig að hún hefði skolið með hnakkann á gólfið. Síðan hefði hann tekið hana kyrkingartaki og þá verið ofan á henni og tekið um háls hennar með báðum höndum. Kvaðst hún ekki hafa misst meðvitund en ekki hafa getað andað á meðan hann hefði haldið takinu. Þá hefði hann sparkað *kicksparki* í maga hennar og hefði hann síðan hoppað og sparkað í magann. Síðan hefði hann rifið í hár hennar og sett eitthvert vítamín í vatn og skvett því framan í hana þannig að það hefði farið í augu hennar. Myndi hún ekki hvers vegna ákærði hefði hætt en eftir þetta hefði hann ælt. Sagði brotapolí að ákærði væri álíka hár og hún en hann væri miklu sterkari. Þegar ákærði hefði sparkað í hana hefði hún setið á rúminu og hann sparkað í maga hennar. Eftir þetta hefði hún verið með áverka á hálsinum og kúlu á höfðinu. Ákærði hefði farið á sjó eftir þetta og hún farið á spítalann í skoðun. Þau ákærði hefðu verið saman síðan ákærði losnaði úr fangelsi 18. mars 2020 en væru þau hætt saman.

22. Þá gaf brotapolí skýrslu 25. ágúst 2020. Sagði hún að ákærði hefði hótad sér og ráðist á sig fyrr þennan dag, 21. maí 2020. Um kvöldið þegar komið var að miðnætti hefði hann sagt henni að fara og sagst ekki vilja hafa hana þarna. Ákærði hefði verið að fara á sjóinn kl. 03:00 eða 04:00 um nóttina og hefði hún viljað sofa þarna og fara daginn eftir. Hann hefði samþykkt það en síðan hætt við og hefði hún þá byrjað að pakka saman dótinu sínu. Ákærði hefði kastað í hana símanum hennar og hún síðan spurt hann hvort hún mætti fá koddann sinn og hefði hann þá lamið hana með koddanum, aðallega í bakið. Hún hefði hlaupið inn á baðherbergi og reynt að loka hurðinni en það ekki tekist og hefði hann haldið áfram að slá hana með koddanum. Síðan hefði hann tekið hana *upp fyrir axlir* og farið með hana fram og grýtt henni á gólfið þannig að höfuð hennar lenti á gólfinu. Hún hefði þá snúið baki í ákærða en hann hefði þá komið yfir hana og tekið hana hálstaki. Síðan hefði hann tekið glas með vatni og sett í það freyðitöflu og skvett á hana, m.a. í augu hennar. Ákærði hefði síðan tekið hníf og lagt hann að hálsi hennar og hótad því að skera hana á háls. Þá hefði hann sparkað í maga hennar, sparkað í hana og slegið hana. Ákærði hefði síðan ælt og minnti hana að hann hefði sparkað í hana eftir það. Eftir þetta hefði ákærði haft við hana samfarir. Hún hefði ekki viljað það en hann hefði snúið henni við og haft við hana samræði. Eftir þetta hefði hún verið með klórför á andlitinu og för eftir kyrkingartakið.
23. Þá var tekin skýrsla af brotapolá 7. desember 2022. Kom þá fram hjá henni að þau ákærði hefðu fyrst byrjað saman árið 2016 og hætt saman árið 2017. Þau hefðu byrjað saman aftur árið 2018 en hætt saman í október 2019 eftir að ákærði réðst á hana. Síðan hefði

hann losnað úr fangelsi í mars 2020 og þá hefði hún farið aftur til hans og verið hjá honum þar til í maí 2020. Kom fram hjá brotþola að þau ákærði hefðu byrjað saman aftur í nóvember 2020 og hún farið frá honum 11. janúar 2021.

24. Fyrir liggur skýrsla lögreglu með myndum sem brotþoli sendi henni og sagði vera af áverkum sem hún hefði verið með eftir meinta líkamsárás, og skjáskot af ódagsettum skilaboðum milli ákærða og brotþola.
25. Fyrir liggur bráðamóttökuskrá, slysaskráning bráðamóttöku, meðferðarseðill og læknisvottorð, dags. 12. júní 2020, vegna komu brotþola þangað 21. maí 2020 í kjölfar meintrar líkamsárásar. Er þar skráð frásögn brotþola af atvikum. Þá segir í vottorðinu að brotþoli hafi lýst líkamsárás af hendi kærasta sem hefði áður ráðist á hana og að atvik hefðu gerst fyrir kl. 02:00 um nóttina. Hefði henni verið hent á gólf úr mannhæð, sparkað í brjóstkassa hennar og hún tekin hálstaki. Við skoðun hafi brotþoli verið greind með yfirborðsáverka á hálsi og öxl og mar og yfirborðsáverka í andliti fyrir neðan auga. Segir í vottorðinu að líkamlegir áverkar brotþola eigi að jafna sig á um viku og að ljósmyndir hafi verið teknar af áverkunum og liggja þær fyrir.
26. Þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla um samskipti réttargæslumanns og brotþola í kjölfar meintrar líkamsárásar og skjáskot af samskiptum þeirra á milli. Eru þar m.a. skilaboð sem brotþoli sendi kl. 03:11 um nóttina þar sem hún bað réttargæslumanninn að hitta sig morguninn eftir. Einnig liggur fyrir upplýsingaskýrsla um skoðun lögreglu á lögheimilisskráningu ákærða og brotþola. Var brotþoli á árinu 2020 skráð með lögheimili að [...]. Frá 1. janúar 2020 til 5. mars 2020 var ákærði með skráð lögheimili að [...] en frá þeim tíma til 22. apríl 2020 með ótilgreint lögheimili í Reykjavík. Frá 22. apríl 2020 og þar til skýrslan var rituð 23. janúar 2024 var ákærði með skráð lögheimili að [...], Reykjavík. Þá kemur fram í skýrslunni að brotþoli hafi sagt að hún hefði búið með ákærða á hótelum og í sumarbústað í tvær vikur áður en þau hefðu flutt í bílskúrinn og hefði ákærði greitt allan kostnað. Þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla um samtal við húseiganda að [...] sem staðfesti að ákærði og brotþoli hefðu leigt af henni bílskúr við hús hennar í nokkra mánuði. Sýndi hún lögreglu skjáskot af millifærslu frá ákærða.
27. Þá liggja fyrir skilaboð milli ákærða og leigusala hans vegna íbúðar að [...], Hafnarfirði, við upphaf leigutímabilsins. Kemur þar fram að ákærði hafi leigt íbúðina 14. apríl 2020 í 22 daga. Loks liggur fyrir tölvupóstur frá Fangelsismálastofnun, dags. 13. maí 2024, þar sem fram kemur að ákærði lauk afplánun 18. mars 2020.
28. Skýrsla var tekin af ákærða 5. ágúst 2020. Var honum kynnt lýsing brotþola á atvikum

og sagði hann að ásakanir brotaþola væru ekki réttar. Gæti hann enga lýsingu gefið á atvikum þar sem þetta væri ekki rétt. Kvaðst hann ekki hafa veitt brotaþola þá áverka sem hún hefði verið með þegar hún leitaði á bráðamóttöku 21. maí 2020. Sagði ákærði að þau brotaþoli hefðu byrjað að tala saman nokkrum vikum eftir að hann losnaði úr fangelsi í mars 2020. Um einhvern tíma hefði hann leigt stúdíóíbúð og hefði hún þá verið hjá honum um tíma og það gengið vel. Líklega hefði rifrildi leitt til sambandslita þeirra en ekki hefði komið til ofbeldis. Giskaði hann á að hún hefði búið hjá honum dagana fyrir 21. maí.

29. Þann 30. desember 2020 gaf ákærði skýrslu á ný. Sagði hann að þau brotaþoli hefðu byrjað saman árið 2016. Ítrekaði ákærði að þau atvik sem brotaþoli lýsti hefðu ekki gerst. Kom fram hjá ákærða að þau brotaþoli væru saman og búin að vera það í um þrjár vikur.
30. Með ákvörðun lögreglustjóra 4. júní 2020, sem birt var fyrir ákærða 5. sama mánaðar, var honum gert að sæta nálgunarbanni gagnvart brotaþola til 3. desember 2020 sem staðfest var með úrskurði héraðsdóms 12. júní 2020.
31. Héraðssaksóknari felldi málið niður með bréfi, dags. 12. júlí 2023, með vísan til 145. gr. laga nr. 88/2008. Var sú ákvörðun kærð til ríkissaksóknara af hálfu brotaþola. Með bréfi, dags. 9. nóvember 2023, felldi ríkissaksóknari ákvörðun héraðssaksóknara úr gildi og með bréfi dags. sama dag fól hann héraðssaksóknara að fara með málið með vísan til 3. og 5. mgr. 21. gr. laga nr. 88/2008.
32. Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af G, móður brotaþola, en ekki er ástæða til að rekja efni hennar.

IV

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

33. Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.
34. *Ákærði* neitar sök hvað báðar ákærurnar varðar. Hvað varðaði þau atvik sem greinir í ákæru dags. 13. júlí 2023 kvaðst ákærði hafa verið á sjó og komið í land í Vestmannaeyjum. Hann hefði farið út að borða ásamt D og F og verið að drekka en myndi ekki hvernig það hefði komið til að þeir hefðu hitt brotaþola og vinkonu hennar eða hvar. Þær hefðu kannast við annan þeirra sem voru með honum og hefði sá einnig verið með honum á sjó og hefðu þeir allir þrír endað heima hjá brotaþola og vinkonu hennar og verið þar að drekka. Kvaðst ákærði lítið annað muna. Gerði hann ráð fyrir að

hann hefði byrjað að drekka um leið og hann kom í land en vissi ekki hvenær það var, en venjulega hefðu þeir komið í land milli kl. 12:00 og 16:00.

35. Ákærði sagði að hann hefði svolítið lokað sig af eftir sín fyrri mál en almennt verið ánægður ef einhver sýndi honum áhuga og vildi tala við hann. Fólk hefði ekki viljað umgangast hann eða tala við hann og jafnvel ekki horfa á hann. Hefði hann haldið sig fyrir sig og leitað í áfengi til að fá kjark ef einhver vildi tala við hann til að geta þá átt samræður.
36. Kvaðst ákærði ekki geta sagt til um það hvernig samskiptin við stelpurnar hefðu verið. Ástand hans hefði verið slæmt með tilliti til neyslu og á þessum tíma hefði hann drukið mikið og reykt mikið kannabis og ætti það einnig við þetta kvöld. Á kvarðanum 1 til 10 hefði ölvunarástand hans þetta kvöld verið 10. Myndi hann ekki eftir samskiptum sínum við brotþola eða eftir því að þau hefðu verið að draga sig saman. Hann myndi ekki eftir því að hafa komið inn á heimilið en myndi eftir að hafa setið þar á sófa í stofunni. Skildist honum að hann hefði haft samfarir við brotþola en hann hefði ekki haft hugmynd um það fyrr en honum hefði verið greint frá því. Sjálfur myndi ekki eftir því eða hvernig það hefði atvikast en hann teldi að samþykki hennar hefði legið fyrir miðað við það sem hann væri búinn að lesa í málgögnum. Þegar hann hefði rankað við sér daginn eftir hefði hann harðneitað því að hafa sofið hjá brotþola og ekki vitað nafn hennar eða hvernig hún liti út. Hefði þetta lítið rifjast upp fyrir honum síðan þá. Hann hefði séð myndband sem tekið var af honum með brotþola og það hefði *málað upp* einhverja mynd af þeim aðstæðum sem hann hefði verið í.
37. Ákærði kvaðst ekki vita hvort brotþoli hefði verið samþykk samförunum allan tímann og ekki vita hvernig hún hefði látið samþykki sitt í ljós. Þá vissi hann ekki hvort hann hefði slegið hana utan undir eða tekið um háls hennar á meðan á samförunum stóð. Hann vissi heldur ekki hvar í íbúðinni þau hefðu haft samfarir en hann hefði lesið í gögnunum að það hefði verið í herbergi í kjallara. Sagði ákærði að verið gæti að hvítur bolur og hvítir sokkar sem hefðu fundist í herbergi brotþola væru hans fatnaður. Myndi hann lítið eftir því hvernig kvöldið hefði endað en væri með mynd af því í höfðinu að hann hefði verið að ganga með D niður á bryggju en þá komið í ljós að báturinn var ekki þar. Vissi hann ekki hvort hann hefði drukið meira áfengi eða reykt meira kannabis eftir að hann kom heim til brotþola eða hvernig ástand hans hefði verið þegar hann kom þangað eða fór þaðan.
38. Voru ákærða sýnd skjáskot af framlagðri upptöku úr síma D sem sýnir ákærða og

brotapola í faðmlögum og að kyssast og kvaðst ákærði ekki muna eftir þessum atvikum en sagði myndirnar sýna sig og brotapolu. Þá var ákærða kynnt að niðurstaða DNA-kennslagreiningar hefði verið sú að DNA frá brotapolu hefði fundist á lim ákærða og á fingrum hans og sagði ákærði að það gæfi honum til kynna að þau hefðu sofið saman.

39. Sagði ákærði að þegar tekin hefði verið af honum skýrsla daginn eftir atvikið hefði hann enn verið í frekar annarlegu ásandi og teldi hann að hann hefði þá ekki verið *skýrsluhæfur*. Kynnt að þá hefði hann talið að hann hefði verið 6 á kvarða frá 1 til 10 hvað varðaði ölvunarástand sagði ákærði að þá hefði hann verið að gera lítið úr ástandi sínu. Í dag teldi hann að hann hefði á þessum tíma verið töluvert hærrí en 6 og einnig hefði hann verið að reykja kannabis. Kvaðst ákærði oft hafa lent í því að hann myndi atvik illa eftir að hafa neytt áfengis og kannabis. Teldi hann sig muna verr eftir atvikum nú en áður. Minni hans væri ekki gott og hefði dalað með tímanum. Það hefði skaðast vegna neyslu hans en hann væri að vinna það lítillega til baka nú. Einnig spilaði nú inn í hve langt væri liðið frá atvikum.
40. Borin var undir ákærða ákæra dags. 9. febrúar 2024. Ákærði neitaði sök en kvaðst ekki geta lýst atvikum þennan dag þar sem langt væri um liðið og minni hans ekki gott. Á þessum tíma hefði samband hans og brotapolu verið lélegt. Þau hefðu kynnst fyrst árið 2016 og átt þá í stuttu sambandi en byrjað aftur saman 2018 og þá verið í sundur og saman í einhvern tíma, að því er hann héldi þar til í október 2019. Þá hefði komið upp atvik hjá þeim og hann fengið dóm fyrir það og fleira og setið inni. Hann hefði losnað úr fangelsi og ekki mjög löngu eftir það hefðu þau byrjað aftur að vera í samskiptum. Hefðu þau þá haldið áfram að vera í sambandi þannig að þau voru sundur og saman til skiptis. Hefðu þau örugglega verið eitthvað saman í maí 2020.
41. Kvaðst ákærði ekkert hafa að segja um þá lýsingu á atvikum sem kemur fram í ákæru og kvaðst ekki muna eftir atvikum þessa nótt og sagði þetta ekki hafa gerst og að svona atvik hefðu aldrei gerst. Þá kvaðst hann ekki hafa veitt brotapolu þá áverka sem lýst er í áverkavottorði og ekki geta tjáð sig neitt um þá. Kvaðst hann ekkert geta sagt til um ástand sitt kvöldið sem meint líkamsárás átti sér stað.
42. Ákærði sagði að eftir að hann losnaði út í mars 2023 hefði hann ekki átt fast heimili. Hann hefði verið viku hjá móður sinni, leigt sér sumarbústað, verið á hóteli en einnig verið með íbúðir í skammtímaleigu auk þess sem hann hefði flutt inn til félaga síns um tíma. Þá hefði hann búið í stúdíóíbúð í [...] í einn eða tvo mánuði. Hann hefði tekið íbúðina á leigu um mánuði eftir að hann losnaði, um miðjan mánuð. Hefði brotapolu verið

hjá honum í einhvern tíma en hann vissi ekki hve lengi, en hún hefði verið hjá honum í sumarbústað og í [...]. Kvaðst ákærði hafa greitt leiguna.

43. Kvaðst ákærði ekki muna hvort brotaþoli hefði verið hjá honum 21. maí 2020. Þá myndi hann ekki segja að hún hefði búið hjá honum. Þau hefðu verið í sambandi en eftir þau atvik sem áttu sér stað í október 2019 hefðu foreldrar hennar sett henni þá reglu að ef hún ætlaði að vera í samskiptum við hann byggi hún ekki á þeirra heimili. Hún hefði gert þeim grein fyrir að þau væru í samskiptum og hefðu þau þá hent henni út og hefði hún örugglega verið hjá honum frá því þau hentu henni út. Þar hefði hún verið þangað til þau hættu næst saman og þá hefði hún líklega farið heim aftur. Þegar brotaþoli hélt til hjá honum í [...] hefði hún einungis komið með föt með sér en í íbúðinni hefði verið fyrir rúm, hilla og skápur og í raun allt sem þurfti fyrir utan föt.
44. Sagði ákærði að eftir að hann losnaði út hefðu þau ekki verið með sameiginlegan fjárhag eða átt sameiginlegar eignir og myndi hann ekki segja að samband þeirra hefði verið náíð. Þau hefðu endanlega hætt saman árið 2021, líklega um sumarið. Eftir 21. maí 2020 hefðu þau haldið áfram að vera í sambandi og þá einnig verið sundur og saman. Þau hefðu kannski rifist og hætt saman í mánuð en byrjað síðan aftur saman og síðan hefði sagan endurtekið sig.

V

45. A, brotaþoli samkvæmt ákæru dags. 13. júlí 2023, kvaðst þetta kvöld hafa farið á bar ásamt vinkonu sinni C. Þar hefðu þær hitt ákærða, F og D, sem voru allir saman á bát, og hefðu þær áður djammað með þeim tveimur síðastnefndu. Hefðu þær boðið þeim í *eftirpartí* hjá sér eftir að barnum var lokað. Þar hefðu þau setið í sófanum, og öll drukkið mikið og spjallað saman en hún vissi ekki hvort aðrir hefðu verið að nota önnur vímuefni. Hefði henni verið byrjað að líða óþægilega og *drukkið í sig þægindin*. Hún héldi að á kvarðanum 1–10 hefði hún hafi verið ölvuð upp á 7 þegar þau hefðu verið heima hjá þeim og ákærði kannski verið upp á 5. Hún hefði ekki farið í *blackout* og myndi eftir atvikum en hefði drukkið stöðugt.
46. Kvaðst brotaþoli hafa verið á lélegum stað andlega þegar þetta gerðist og farið viljandi með ákærða niður í herbergi. Hann hefði síðan byrjað að vera svolítið ákafur þannig að hún hefði beðið hann að róa sig en hann hefði ekki virst vilja það og hefði hann haldið áfram þó hún hefði sagt nei. Hann hefði slegið hana og hún þá beðið hann að róa sig niður en hann haldið áfram og fest hana niður með því að halda í hár hennar og hefði

hann þá verið einhvern veginn ofan á henni. Síðan hefði hún byrjað að segja nei og beðið hann að fara af sér. Hefði hún viljað stoppa af því að hún hefði ekki *filad* að láta slá sig en hann hefði ekki hlustað. Fyrst hefði hún frosið aðeins og beðið hann að fara af sér og hefði það virst gera hann verri og höggin þá orðið fleiri og fastari. Hún hefði síðan munað atriði úr kvikmynd þar sem stelpa hefði notfært sér það að þurfa að pissa. Hefði hún því logið því að ákærða að hún þyrfti að pissa og sagt að hún vildi ekki pissa á hann. Hefði hún þurft að segja þetta nokkrum sinnum til að ná að sannfæra hann um að leyfa sér að fara að pissa. Þegar hann hefði loks leyft henni að fara út úr herberginu hefði hún notað tækifærið og hlaupið upp stigann við hliðina á baðherberginu til að komast til fólksins sem hún vissi að væri uppi. Kvaðst hún hafa hlaupið inn í herbergi C, að því er sig minnti nakin, og hefði C klætt hana í föt. Vinur ákærða hefði einnig komið inn í herbergið og spurt hana hvað hefði gerst. Hefði hann fyrst verið mjög vinalegur en um leið og hún hefði sagt honum hvað hefði gerst og að hún vildi að þeir færu hefði hann sagt að hún hefði vitað hver ákærði væri og væri að *notafæra sér athygli* og kallað hana illum nöfnum. Þeir ákærði hefðu ekki virst ætla að fara og hefðu þær C því komið sér út. C hefði ætlað að keyra en ekki fundið kveikjúláslyklana þannig að þær hefðu hlaupið út og að húsinu á ská á móti og þangað hefði E, móðir C, sótt þær og farið með þær beint á lögreglustöðina.

47. Samskipti hennar og ákærða hefðu ekki verið mikil eftir að þau komu í partíið. Hún hefði séð að hann hafði einhvern áhuga á henni. Hann hefði setið við hliðina á henni í sófanum og *verið snertinn*. Hefði hún fært sig af því að henni hefði liðið óþægilega þegar hann hefði sífellt verið að strjúka henni á bakinu og kippa einhvern veginn í hárið á henni. Á þessum tíma hefði hún verið nýkomin úr sambandi og fundist athyglin skemmtileg og hefði hún haldið áfram að drekka og *leyft því að gerast*. Ákærði hefði síðan komið og sest við hlið hennar hinum megin á sófanum. Þau hefðu verið í drykkjuleik og það endað með því að hún hefði kysst hann og setið í fangi hans.
48. Brotapoli sagði að ákærði hefði síðan spurt hvort þau ættu að fara niður, hvort hún vildi fara inn í herbergi. Kvaðst hún hafa verið efins í fyrstu en síðan samþykkt það. Þau hefðu ætlað niður í herbergi til að ríða, hafa kynmök, og það hefðu þau gert. Þau hefðu haft samfarir með samþykki hennar til að byrja með. Hún hefði legið á bakinu og hann ofan á henni og hefði þetta byrjað eins og venjulegar samfarir. Síðan hefði þetta farið að vera meira *rough* og hann bara virst vilja geta notið sín og hefði hún ekki *filad* hvað *þetta var harkalegt*. Þegar hún hefði séð að hann ætlaði ekki að stoppa þegar hún bað hann að róa

sig niður hefði hún spurt hann hvort þau gætu ekki bara sleppt þessu. Hann hefði legið ofan á henni og stjórnað og síðan slegið hana fast í andlitið. Sagði hún að kannski hefði ákærði ekki áttað sig á því að spyrja hana en sumir *fili* svona. Hún hefði beðið hann að stoppa og sagt að hún *fílaði* ekki að láta slá sig en þá hefði hann slegið hana aftur hinum megin og lagst þéttar ofan á hana. Þá hefði hún áttað sig á því hvað var að gerast og hefði hún nokkrum sinnum spurt hvort hann gæti farið af henni. Hann hefði sagt nei þannig að hún hefði verið þögul til að leika með og til að fá ekki fleiri högg. Þá hefði hún munað eftir þessari kvikmynd og farið að láta eins og hún þyrfti að pissa.

49. Sagði brotaþoli að ákærði hefði vitað að hún vildi ekki kynlíf lengur. Hún hefði sagt það skýrt að hún væri ekki að fíla þetta og farið að gráta en hann þá tekið fastar utan um hana og viljandi fest hana undir sér. Hún hefði þurft að segja við hann að hann ætti hana. Hefði hann séð að hún vildi þetta ekki og hefði það ekki átt að fara fram hjá honum. Hún hefði haldið áfram að spyrja ákærða hvort hún mætti fara að pissa og hefði hann þá leyft henni að standa upp. Þegar hún hefði verið að ganga út um dyrnar hefði hann gripið í hár hennar og sagt: *Þú ert alveg pottþétt bara að fara að pissa?* Baðherbergið væri við hliðina á herberginu og stiginn upp við hliðina á baðherberginu, þannig að hún hefði sagt já og gengið rólega út. Um leið og hún hefði verið komin að baðherbergisdyrunum hefði hún farið upp stigann upp í stofuna. Þar hefðu C og D setið og hún þá áttað sig á því að hún væri nakin og hlaupið inn í herbergi C svo að D sæi hana ekki nakta. C hefði elt hana inn í herbergið og klætt hana í föt.
50. Kvaðst brotaþoli hafa beðið D að fara með ákærða niður í bát og hefði ákærði þá komið upp að leita að henni og athuga hvort hún væri búin að pissa og ætlað að koma og halda áfram. Þeir hefðu neitað að fara og hún hefði viljað komast burt þannig að þær hefðu farið að útidyrnum. Minnti hana að ákærði hefði farið niður aftur en komið síðan að útidyrnum þar sem hún hefði verið að reykja og bíða eftir C. D hefði haldið áfram að öskra á hana og vera leiðinlegur þannig að þær hefðu hlaupið í burtu í stað þess að fara á bifreið C.
51. Brotaþoli sagði að hún hefði ekki fundið til líkamlega meðan á þessu stóð nema hún hefði verið með sviða í kinnunum og héldi hún að áfengið og efnin hefðu deyft hana niður líkamlega. Eftir að þær höfðu farið á lögreglustöðina hefði hún farið til læknis sem hefði tekið úr henni blóð. Í kjölfarið hefði verið ákveðið að hún færi á neyðarmóttökuna og hefði hún verið flutt þangað með þyrllu og C farið með henni. Við skoðun þar hefði hún reynst vera með mar um hálsinn þar sem ákærði hefði haldið henni, roða á kinnunum eftir

að hann hafði slegið hana og marbletti. Ákærði hefði slegið hana mjög fast, fimm eða sex sinnum héldi hún, og hana sviðið mikið á eftir og hefði hann slegið hana á meðan hann hefði verið að ríða henni. Þar hefði hún lýst því sem gerðist en C eitthvað fyllt inn í frásögn hennar en C hefði munað það sem gerðist eftir að hún hljóp út úr herberginu. Hún hefði sjálf sagt þeim frá því sem gerðist inni í herberginu. Kvaðst brotápoli hafa hringt í móður sína og sagt henni frá því sem gerðist.

52. Þá sagði brotápoli að henni hefði verið sagt að fara aftur til læknis ef það kæmi marblettur eftir á og að það gæti tekið smá tíma. Hefði hún kannski fjórum, fimm dögum seinna farið á heilbrigðisstofnunina til að láta mynda marbletti sem hún var með á mjöðmunum vegna þess að í lokin hefði ákærði, í stað þess að halda um háls hennar, fest hana niður þannig að hann hefði haldið svolítið fast um mjöðm hennar báðum megin. Þá minnti hana að marbletturinn hefði komið enn seinna undir brjóstinu þar sem rifbein ákærða hefðu einhvern veginn farið í hana. Frá því að atvikið gerðist þar til marblettirnir voru skoðaðir hefði hún ekki lent í neinu sem hefði getað leitt til slíkra áverka.
53. Brotápoli sagði að þegar ákærði hefði tekið hana hálstaki hefði hann haldið undir barkakýlið. Þetta hefði ekki verið kynferðislegt hálstak en verið frekar fast þannig að hún hefði ekki náð að anda og hefði hann haldið henni niðri með hálstakinu. Brotápoli kvað sig ráma í að ákærði hefði tekið um háls hennar með hægri hendi út frá því hvernig þau lágu í rúminu og allt sneri. Hana minnti að hann hefði tekið hana hálstaki eftir að hann sló hana í fyrsta skiptið, af því að þá hefði hún byrjað að reyna að koma sér undan. Fyrst hefði hann haldið í hár hennar en fært höndina ofan á hálsinn á meðan hann var ofan á henni. Hann hefði notað þyngd sína með því að halda hálstakinu fast og ýta henni ofan í rúmið.
54. Sagði brotápoli að þau hefðu byrjað að hafa samfarir í *missionary* stellingunni og þá hefði hann haldið um hnakkann á henni og í hárið á henni og togað hana aftur á bak. Síðan hefði hann reist sig við og slegið hana og tekið hana hálstaki. Hann hefði togað aftur í hárið á henni til að vera viss um að hún væri ekki að fara að hlaupa út úr herberginu. Í millitíðinni hefði hann slegið hana. Þegar hann hefði verið búinn að slá hana tvisvar og hún reynt að mjaka sér undan honum hefði hann tekið hana hálstaki. Kvaðst hún halda að hann hefði þá vitað að hún ætti erfitt með að anda en hún hefði gefið honum til kynna að öndunin væri erfið og viljað fá hann til að stoppa.
55. Einnig sagði brotápoli að þær C hefðu komið sér saman um orð, *ananas*, en þetta hefði fyrst verið grín, til að kalla ef eitthvað kæmi upp á þegar þær væru að djamma og með

strák. Kvaðst hún hafa kallað *ananas* einu sinni til að kalla á hjálp en halda að ákærði hefði ekki áttað sig á því hvað hún var að segja. Þau hefðu verið á neðri hæðinni en C og D uppi og hefði C ekkert heyrt. Myndi hún ekki hvort það hefði verið tónlist í gangi og minntist þess ekki að það hefði heyrst vel á milli hæða og það hefði verið lokað inn til þeirra. Venjulega hefði hún þurft að standa við stigann til að geta kallað á C þegar hún var uppi.

56. Fram kom hjá brotaþola að eftir að þetta gerðist hefði hún verið mjög langt niðri andlega. Hún hefði alltaf verið að glíma við einhverja andlega vanlíðan en þetta áfall hefði virkilega tekið á. Hefði henni liðið ömurlega og liði þannig enn. Hún hefði ekki getað haldið vinnu og ætti erfitt með að halda uppi venjulegu daglegu lífi. Hefði þetta haft mjög mikil áhrif á líf hennar og hún verið þunglynd og lokað sig af. Hún hefði ætlað að fyrirfara sér og í kjölfar þess farið til foreldra sinna í Reykjavík en síðan endað inni á geðdeild. Hefði hún tvisvar lent inni á geðdeild en ekki bara út af þessu atviki. Þessi þrjú ár sem liðin væru hefði hún annað slagið verið að leita sér hjálpar sálfræðinga og geðlækna. Um leið og byrjað væri að aðstoða hana hefði hún hætt að mæta og aldrei klárað að fá hjálp og hún héldi að andleg heilsa hennar væri þannig að hún reyndi að forðast þetta. Væri hún enn í dag að glíma við afleiðingar meints brots og væri áhugalaus og ætti erfitt með að gera hluti sem venjulegu fólki fyndist létt að gera, eins og að fara til læknis, út í búð eða mæta í vinnu. Áður hefði sér einnig liðið illa en þetta væri allt öðruvísi og niðurbjótandi. Þá hefði hún getað verið í fastri vinnu þrátt fyrir að vera þunglynd.
57. *E* sagði að dóttir hennar, C, og brotaþoli hefðu leigt saman og þessa nótt hefði dóttir hennar hringt í hana hágrátandi. Hún hefði þá farið yfir til þeirra á [...] og þær þá sagt henni frá því sem hefði gerst. Hefði komið fram hjá þeim að ákærði hefði nauðgað brotaþola og tekið hana hálstaki og hefðu atvik gerst niðri í herberginu hennar. Kvaðst hún hafa reynt að hugga þær og síðan farið með þær á sjúkrahúsið en síðan hefðu þær farið til Reykjavíkur með þyrlu. Hefðu þær verið í mjög miklu uppnámi og grátandi. Þeim hefði greinilega liðið mjög illa, sérstaklega brotaþola. Þá hefði hún séð að brotaþoli var með áverka á hálsinum, var rauð og þrútin þar, og vissi hún að brotaþoli hefði verið með fleiri áverka en ekki nákvæmlega hvar. Þá hefðu brotaþoli og C verið undir áhrifum áfengis en ekki dauðadrukknar og hefðu vitað hvað þær voru að gera.
58. Vitnið sagði að sú lýsing á atvikum sem hún hefði gefið lögreglu væri byggð á því sem brotaþoli hefði sagt henni. Staðfesti vitnið að hafa þá sagt að ákærði hefði verið grófur

og hefði slegið brotapolu í andlitið, tekið hana hálstaki og skipað henni að segja að hún væri hans. Þá kvað vitnið sig minna að brotapolu hefði komist frá honum með því að hafa þóst vilja gera það sem hann vildi og segja að hún þyrfti að fara að pissa.

59. C kvaðst ekki muna mjög vel eftir þessu kvöldi þar sem hún hefði sjálf verið undir áhrifum en bæði hún og brotapolu hefðu verið að drekka. Þær hefðu hitt ákærða og tvo vini hans á bar en þeir þrír hefðu allir verið sjómenn á [...]. Tvo þeirra hefðu þær hitt áður en ekki ákærða og hefðu þær boðið þeim heim til sín eftir að barnum var lokað. Síðan hefðu ákærði og brotapolu farið saman niður í herbergi. Vitnið kvaðst hafa verið á efri hæðinni með vini ákærða, D.
60. Sagði vitnið að ákærði hefði ekki komið fram undir nafninu Guðmundur heldur kallað sig Elías og hefðu þær ekki vitað nafn hans. Þegar þau komu heim til þeirra hefðu þau setið, drukkið og spilað. Ákærði hefði verið svolítið óþægilegur við brotapolu þannig að vitnið hefði einu sinni sest á milli þeirra. Síðan hefði brotapolu drukkið aðeins meira og héldi hún að brotapolu hefði *sagt já* en ákærði farið yfir strikið. Ákærði hefði verið búinn að reyna við brotapolu allt kvöldið en hún hefði ekki verið alveg viss hvað hún vildi en hefði síðan verið orðin vel drukkin og farið þá sjálfviljug með ákærða niður í herbergi. Hann hefði í rauninni farið langt yfir línuna og þá hefði brotapolu byrjað að segja nei en hann hefði samt haldið áfram.
61. Vitnið kvaðst hafa setið í sófanum þegar brotapolu kom aftur upp. Hún hefði komið hlaupandi upp stigann sem hefði verið hægra megin við vitnið og þá verið einungis með peysu utan um sig til að hylja sig. Hefði hún grátið og öskrað og augljóslega ekki liðið vel og átti erfitt með að tjá sig. Brotapolu hefði farið inn í herbergi vitnisins sem hefði reynt að róa hana niður. Kvaðst hún hafa tekið utan um brotapolu sem hefði kippst mikið til og sagt henni að halda sér ekki. Hefði brotapolu sagt að ákærði hefði haldið henni niðri og hún hefði þurft að nota þá afsökun að hún þyrfti að pissa áður en hún myndi fá fullnægingu, af því að hún hefði verið búin að reyna helling annað og hann hefði bara sagt nei. Þær hefðu beðið þarna í smástund og þá hefði D komið inn í herbergið til að athuga hvort ekki væri allt í lagi. Sjálf hefði hún farið fram til að leita að bíllyklum af því að hún hefði ætlað að koma þeim einhvern veginn burt og úr þessum aðstæðum og hefði henni verið sama þó að hún væri búin að drekka. Hún hefði ekki fundið lykllana og þegar hún hefði verið búin að leita um stund hefði hún farið aftur inn í herbergið, og hefði ákærði þá einnig verið komin þangað, og fundið föt á brotapolu og þær hlaupið út.
62. Kvaðst vitnið ekki muna hvort hún hefði á þessum tíma átt í einhverjum samskiptum við

ákærða eða D eða hvernig ákærði hefði verið klæddur þegar hann kom inn í herbergið. Hún myndi að þeir hefðu sagt eitthvað. Þær hefðu beðið þá að fara en þeir sagðu að þeir ætluðu ekki að fara fyrr en þeir væru búnir að ræða þetta og því hefðu þær farið. Þær hefðu verið komnar út 10–15 mínútum eftir að þetta gerðist og minnti hana að þeir hefðu elt þær þegar þær fóru og þá staðið í dyrunum. Þær hefðu hlaupið yfir götuna og inn í garð og þar hefði hún hringt í móður sína sem hefði komið og sótt þær og skutlað þeim á lögreglustöðina.

63. Þá kom fram hjá vitninu að yfirleitt hefði ekki heyrst mikið á milli hæða í húsinu. Brotapoli hefði ekki beint sagt henni hvað gerðist í herberginu en hún hefði farið með brotapolu á neyðarmóttökuna og verið með henni allan tímann, einnig þegar tekin var niður frásögn brotapolu af atvikum. Brotapoli hefði lýst þeim atvikum sem gerðust í herberginu en vitnið hefði hjálpað henni svolítið af því að hún grét svo mikið og sagðu frá því sem gerðist þegar hún var á staðnum. Nokkru eftir að atvik gerðust hefði brotapoli sagt henni almennilega frá því sem gerðist og hefði hún átt erfitt með það. Hún hefði titrað öll og nötrað og byrjað að gráta um leið og hún byrjaði að tala um þetta. Kvaðst vitnið hafa séð áverka á brotapolu um tveimur tímum eftir þetta, á hálsinum eftir kyrkingartak ákærða, á lærinu og á miðju bakinu. Hefði verið um að ræða mar og handaför. Kom fram hjá vitninu að brotapoli hefði sýnt henni áverkana og hefði hún tekið myndir af þeim og hefði sjúkrahúsið fengið þær myndir.
64. Einnig kom fram hjá vitninu að þau hefðu öll verið búnir að drekka mikið og verið full en samt með rænu og hefðu vitað hvað þau voru að gera. Var vitninu kynnt að hún hefði sagt hjá lögreglu að ákærði hefði verið ofboðslega fullur og kvaðst vitnið telja að hann hefði verið mjög fullur. Kvaðst hún halda að bæði ákærði og brotapoli hefðu drukkið tveimur til þremur drykkjum meira en vitnið, miðað við ástandið. Þegar þau fóru niður í herbergið hefðu þau bæði verið mjög full. Staðfesti vitnið, eins og hún bar um hjá lögreglu, að hafa mætt ákærða í stiganum þegar hún hefði verið að leita að lyklunum og hefði hann þá verið á leiðinni upp. Sagði hún að D hefði hann ekki áttað sig á því hvað var í gangi frekar en hún eftir að brotapoli kom upp og hefði hann orðið reiður þegar þær brotapoli báðu hann að fara. Kvaðst hún ekki muna hvernig ákærði hefði verið klæddur þegar hún mætti honum og ekki muna eftir að hafa þá átt einhver samskipti við hann eða hvernig ástand hans var. Var vitninu kynnt að hjá lögreglu hefði hún borið um að hann hefði þá verið í hvítum nærbuxum og með sængina utan um sig og kvað vitnið sig þá ráma í það. Einnig rámaði hana í að hún hefði þá spurt ákærða hvað væri í gangi og hann

ekki sagst vita það og ekki skilja af hverju brotþoli hefði hlaupið burt.

65. H, forstöðumaður þjónusturannsókna og gæðastjóri hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti að hafa unnið matsgerð vegna blóðsýnis frá ákærða. Sagði vitnið að þau hefðu verið beðin um að mæla alkóhól, kannabis, amfetamín og skyld efni og kókaín í umræddu máli. Hefðu mælst í blóðinu 2,02‰ af alkóhóli og tetrahýdrókannabínól 1,4 ng/ml og örlítið af umbrotsefni kókaíns. Ef einhver væri með 2‰ teldist hann vera talsvert ölvaður. Væri þetta flokkað þannig hjá þeim að ef viðkomandi væri með 1,2–1,99‰, teldist hann ölvaður, með 2–2,49‰ talsvert ölvaður og síðan mjög ölvaður ef það mældist yfir 2,5‰. Það hefði mælst lítið af tetrahýdrókannabínóli en ef viðkomandi væri með 1,3 ng/ml af tetrahýdrókannabínóli samsvaraði það vanhæfi eins og með 0,2‰ af alkóhóli. Þá virkaði þetta hvoru tveggja á miðtaugakerfið. Sagði vitnið að fræðin segðu að ef liðnir væru þrír til fjórir tímar frá því að viðkomandi var að drekka síðast væri hann að klára frásög. Ef það væri mikið magn gæti hann verið að frásoga á allt að tveimur klukkustundum og því myndi hún segja að hann hefði verið hærri þremur til fjórum klukkustundum fyrr.
66. Þá staðfesti vitnið einnig að hafa unnið matsgerð vegna rannsóknar á þvag- og blóðsýnum frá brotþola og hefði klukkustund liðið milli þess sem þau voru tekin. Niðurstaðan hvað varðaði þvagið hefði verið sú að það mældust 1,74‰ af alkóhóli en við allsherjarlyfjaleit mældust kókaín og umbrotsefni þess, benzóýlekgónin. Í fyrra blóðsýninu, en það væri notað til þess að mæla m.a. öll ávana- og fíkniefni, hefði hún einnig mælt alkóhól 1,26‰, kókaín 15 ng/ml og benzóýlekgónin 620 ng/ml. Væri 15 ng/ml lágur styrkur en það væri talað um lágan styrk undir 30 ng/ml. Þegar kókaíns væri neytt væri viðkomandi fljótur að fara upp í háan styrk en efnið væri svo mjög fljótt að brotna niður í benzóýlekgónin. Í seinna blóðsýninu, sem tekið var klukkutíma síðar, hefðu mælst 1,10‰ af alkóhóli. Þar sem þau væru með tvo tímapunkta gætu þau reiknað frásög á etanóli út frá þeim tíma þegar sýnin voru tekin og því væri hægt að sjá brotthvarfshraða hjá viðkomandi einstaklingi á þessum tímapunktum. Það að þvagið væri þetta hátt, 1,74‰, benti til þess að á a.m.k. einhverjum tímapunkti hefði viðkomandi verið með 1,4‰ í blóði. Svo færi það eftir því hvort viðkomandi hefði losað sig við þvag einhvern tímann áður. Miðað við brotthvarfshraðann hefði viðkomandi verið með 1,4‰ um kl. 04:00 um nóttina. Vitnið sagði að bæði kókaín og áfengi hefði áhrif á miðtaugakerfið og etanól ylli því að það færu oft hömlur. Magn af kókaíni væri lítið og þess virst hafa verið neytt nokkrum klukkustundum áður þannig að þarna myndi hún

aðallega horfa á alkóhólíð.

67. *I*, móðir brotþola A, sagði að brotþoli hefði sagt sér frá atvikinu eins og hún treysti sér til. Hefði brotþoli sagt að hún hefði verið á djamminu með vinkonu sinni og hún verið beitt ofbeldi eða verið nauðgað en ekki lýst atvikinu fyrir henni. Vitnið sagði að það hefði verið hringt í hana um morguninn og henni sagt að brotþoli væri að koma með þyrlu eða flugi frá Vestmannaeyjum á spítalann og hefði hún brunað beint þangað. Á neyðarmóttökunni hefði hún séð að brotþoli var með marbletti og hefði litið mjög illa út. Hún hefði verið með mar á hálsinum, verið rauð þar og verið ein taugahrúga og hefði hún aldrei séð dóttur sína þannig. Hefði hún ýmist verið grátandi eða hlējandi og verið bara í taugaáfalli, skjálfandi og erfitt að ná augnsambandi við hana.
68. Þá sagði vitnið að næstu vikur og mánuði eftir þetta hefði brotþoli verið *dauð að innan* og þekkti hún barnið sitt ekki lengur. Um leið og talað væri við hana um eitthvað sem henni fyndist vera erfitt eða erfitt að tala um væri hún farin. Hún væri lokuð og lokaði sig af og það væri engin gleði í henni eða tilhlökkun en áður hefði hún alltaf verið opin. Vitnið kvaðst tengja þessa breytingu á brotþola við þetta tímamark. Hún hefði staðið sig vel, verið að vinna og tekið þátt í þjóðfélaginu. Henni virtist vera sama um allt í kringum sig núna og fyndi enga hamingju. Brotþoli hefði komið heim til þeirra eftir að hafa farið á spítalann og verið þar í nokkra daga en farið svo aftur til Vestmannaeyja. Brotþoli hefði síðan ætlað að fyrirfara sér og þá komið aftur til þeirra, kannski um tveimur vikum eftir að atvikið gerðist. Hún hefði þá verið hjá þeim eins og hún gat en þetta endað með því að hún hefði farið inn á geðdeild.
69. *J* hjúkrunarfræðingur sagði brotþola hafa komið ásamt vinkonu sinni með þyrlu frá Vestmannaeyjum til skoðunar á neyðarmóttöku. Hún hefði tekið á móti þeim og spjallað við brotþola og tekið niður sögu hennar til að átta sig á því hvort þetta væri kynferðisofbeldismál. Í kjölfarið hefðu læknir og réttargæslumaður verið kallaðir út. Læknirinn hefði skoðað brotþola og tekið sýni. Hún og læknirinn hefðu saman tekið viðtal við brotþola og ritað skýrslur og það sem stæði þar um þessa atburðarás væri frá brotþola komið.
70. Vitnið sagði að brotþoli hefði verið mjög þreytt en þau hefðu tekið viðtal við hana um kl. 10:00. Við komu hefði brotþoli verið svolítið lítil í sér, hvumpinn og grátandi, og mæti hún það svo að hún hefði verið í tilfinningalegu uppnámi. Líkamlega hefði hún verið svolítið í vörn eða verið með lokað tjáningu. Það hefðu ekki verið neinir stórfelldir líkamlegir áverkar á henni en hún hefði verið með smá roðablett undir höku. Hún hefði

grátið í viðtalinu en vitninu fyndist hún hafa reynt að bíta á jaxlinn og svara þeim og hefði hún gefið góða sögu.

71. Þá sagði vitnið að framburður brotaþola hefði verið tekinn niður til að skjalfesta atburðarás á meðan tiltölulega stutt væri síðan atvik gerðust og þau fersk í minni ef þetta yrði síðar að lögreglumáli. Ef viðkomandi lýsti einhverjum líkamlegum þáttum væri viðkomandi skoðaður, sýni tekin og myndir teknar til að skjalfesta og ákveða að hverju rannsóknin beindist. Ef brotaþoli kysi að hafa einhvern með sér væri það leyft. Hefðu þær eingöngu bókað það sem brotaþoli sagði og minntist hún þess ekki að vinkona hennar hefði mikið verið að tjá sig heldur setið til hliðar og verið til stuðnings. Hefði brotaþoli ekki virst vera undir áhrifum áfengis.
72. *K*, læknir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum, staðfesti, eins og fram kemur í fyrirliggjandi vottorði L læknis, að hann hefði hitt brotaþoli tvisvar á árinu 2021. Staðfesti vitnið að vottorðið væri unnið upp úr nótum frá honum. Atvik hefðu gerst aðfaranótt 2. september 2021 og hefði brotaþoli komið snemma morguns eða eftir hádegi. Brotaþoli hefði sagt honum stuttlega frá atvikum. Áður en þetta gerðist hefði hún verið að skemmta sér og síðan farið heim til sín, m.a. með tveimur strákum. Þau hefðu setið nokkuð lengi saman en brotaþoli síðan farið með strák niður í sitt herbergi. Fljótlega hefði henni fundist að henni væri þröngvað og hefði ákærði reynt að fá hana til að segja að hún væri hans. Brotaþoli hefði þá verið mótfallin því að hafa samfarir og reynt að brjótast um og komast undan en þá hefði ákærði tekið hana kyrkingartaki með hendinni og sífellt orðið grófari. Hún hefði viljað hætta en ákærði hefði ekki hlustað. Brotaþoli hefði svo sagt að hún þyrfti að pissa og þá hefði ákærði hleypt henni fram en hún hlaupið upp og síðan farið út úr húsinu. Það hefðu verið teknar blóðprufur og þvagprufa úr brotaþola og pantaður fyrir hana tími á neyðarmóttökunni í Reykjavík.
73. Vitnið sagði að brotaþoli hefði svo komið til hans daginn eftir en þá hafði hún tekið eftir marblettum, einum á hægri og öðrum á vinstri mjöðm, 3–4 cm blettum, frekar daufum. Þá hefði brotaþoli komið aftur til hans 15. september. Hún hefði þá verið komin með marblett á hálsinn og á vinstra læri og hefðu verið teknar ljósmyndir af þeim. Sagði vitnið að mar gæti komið fram síðar og færi það eftir því hversu djúpt það lægi hvenær það kæmi fram. Þeir síuðust í gegnum fituna og yrðu sýnilegir með tímanum og gætu sést mörgum dögum eftir áverka. Gæti hann ekki dregið af þessu neinar ályktanir um atvik en sagði að þessir áverkar gætu hafa komið vegna atvika sem áttu sér stað 13 dögum fyrr hefði ekkert annað komið til. Þá kvaðst vitnið ekki geta sagt til um hvort áverkar á hálsi

brotapola samrýmdust þeirri frásögn hennar að hún hefði verið tekin kyrkingartaki. Það hlýti að hafa skilið eftir sig menjar en hann gæti ekki sagt til um hvort þetta passaði nákvæmlega. Einnig kom fram hjá vitninu að það væri mjög misjafnt hvort fólk fengi áverka á andlit eftir að hafa verið slegið. Kvaðst hann ekki geta staðfest að þeir áverkar sem brotapolu var með 13 dögum seinna væru eftir þetta atvik.

74. *M* læknir staðfesti að hafa framkvæmt réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða 2. september 2021, kl. 08:30. Sagði hann að, eins og fram kæmi í skýrslu hans vegna skoðunarinnar, sem hann staðfesti, hefðu engin ytri áverkamerki sést á ákærða utan gamallar 3 cm húðristu á hægri upphandlegg. Þá hefðu kynhár ákærða verið rökuð, þ.e.a.s. engin kynhár hefðu verið til staðar, en hann engu að síður greitt yfir svæðið. Einnig hefði hann tekið hársýni af höfði, skaf undan nöglum og strok frá glans, sem væri typpi, og sett í sýnaglös. Vitnið sagði að við skoðunina hefði ákærði verið háttadur og settur á pappírslök og hefði lögreglan hirt föt hans. Teldi hann að húðristan á hægri upphandlegg hefði verið gamalt sár þar sem engin merki hefðu verið um ferskt blóð. Þá hefði hann athugað með meðvitund ákærða og hvernig hann var, en ákærði hefði komið vel fyrir, verið samvinnuþýður og ekki með nein læti.
75. *Lögreglumadur nr. N* sagði að tilkynning hefði borist um kynferðisbrot á [...] og þegar lögregla hefði komið á vettvang hefði ákærði verið farinn. Ákærði hefði síðan verið handtekinn niðri á bryggju og í framhaldi af því hefði rannsóknin farið í gang. Kvaðst vitnið hafa tekið allar skýrslurnar nema þrjár. Staðfesti vitnið þau gögn sem hann undirritaði vegna málsins, m.a. beiðni um réttarlæknisfræðilega rannsókn á grunuðum, og sagði að hann eða annar lögreglumadur hefði verið viðstaddur skoðunina. Þá sagði vitnið að þeir hefðu fengið upptöku af ákærða og brotapolu úr síma skipsfélaga hans og hefði hann sett skjáskot af upptökunni upp í skýrslu. Einnig hefði hann farið á vettvang og sett upp skýrslu með myndum sem voru teknar þar. Einhver föt af ákærða hefðu fundust á rúminu þar sem meint brot átti sér stað, sokkar, bolur og hugsanlega nærföt. Þá hefðu þau haldlagt lak og sængurver. Kvaðst vitnið hafa séð um rannsókn málsins og pakkað málinu saman og komið því til ákærvaldsins.
76. Vitnið sagði að húsnæðið þar sem meint brot átti sér stað væri á alla vega tveimur hæðum og atvikið hefði gerst á neðri hæðinni á meðan einhver hópur fólks hefði verið uppi í stofu. Gæti þetta verið timburhús og jafnvel með timburgólfi miðað við staðsetningu þess í bænum. Þegar komið væri niður væri komið inn í hol og þá væri herbergið á hægri hönd. Það væri hægt að loka herberginu þannig að það væri ekki víst að það hefði heyrst

mikið upp en hann gæti ekki fullyrt um það.

77. Kvaðst vitnið hafa hitt ákærða fljótlega eftir að hann var handtekinn og tekið strax af honum lífsýni. Hefði sér þá fundist ákærði vera undir áhrifum einhverra vímuefna. Kvaðst hann hafa metið það svo að ákærði hefði verið skýrsluhæfur þegar skýrsla var tekin af honum kl. 14:35 en þá hefði verið runnið af honum en hann hefði verið handtekinn um fjögur- eða fimmleytið um nóttina.
78. *Sérfræðingur tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu nr. O* lýsti þeim rannsóknum sem hann framkvæmdi vegna málsins og niðurstöðum þeirra. Kom m.a. fram hjá honum að hvað varðaði rannsókn á gögnum frá Neyðarmóttöku hefði hann fengið til rannsóknar andarnefju og fimm sýnaöskjur en sýni sem hann tók af þessum munum hefðu ekki gefið svörun við sæðisprófun og ekki verið talin nothæf til DNA-greiningar. Þá hefði hann fengið ljósmyndir frá neyðarmóttöku og sett þær upp án texta. Einnig hefði hann fengið til rannsóknar fatnað frá grunuðum, nærbuxur, buxur og hettupeysu og gögn sem haldlögð voru á vettvangi og gert skýrslur um þessar rannsóknir og tekið ljósmyndir af þessum munum. Ekkert markvert hefði komið fram við þessar rannsóknir.
79. Vitnið kvaðst hafa gert skýrslu um rannsókn á réttarlæknisfræðilegum gögnum grunaðs en hann hefði fengið til rannsóknar dúk og sex lífsýnaöskjur, greidd höfuðhár og greidd kynhár og naglaskaf. Lífsýnaöskjurnar hefðu innihaldið stroksýni af lim og fimm öskjur með stroksýnum af fingrum á höndum grunaðs. Í ljósi þess að sýni á pinnum í þessum öskjum, ef einhver væru til staðar, væru þá eingöngu þekjufrumur sem þeir gætu ekki rannsakað hefðu þær ekki verið opnaðar og pinnarnir ekki skoðaðir. Sama ætti við um naglaskafið.
80. Þá kvaðst vitnið hafa sent framangreind stroksýni af lim, fimm öskjur með stroksýnum af fingrum grunaðs og tvo plastpoka með naglaskafi sem voru merktir annars vegar hægri hendi og hins vegar vinstri hendi, til DNA-kennslaggreiningar í Svíþjóð. Rannsóknastofan hefði ákveðið að hefja rannsókn á þremur sýnum, þ.e.a.s. stroksýni af lim, stroksýni af löngutöng og vísifingri vinstri handar. Við greiningu á þessum sýnum kom fram blanda DNA-sniða frá a.m.k. tveimur einstaklingum, brotþola og ákærða.
81. Þá sagði vitnið að skýrslan sem kom frá Svíþjóð hvað þetta varðaði lægi fyrir í gögnum málsins á sænsku. Þar kæmu fram þeir kvarðar sem væru notaðir og væru frá +4 sem væri efsta stig og væri þá fullkomin samsvörun milli DNA-sniðanna og niður í -4 sem væri þá útilokun, það væri þá útilokað að DNA úr vettvangssýnum væri frá þeim

einstaklingi sem það væri borið saman við. Stigin þarna á milli væru tölfræðilegir útreikningar en líkurnar á samsvörun minnkuðu eftir því sem plúsarnir færu frá +3 og ofan í 0 og svo frá -1 í -3. Í stroksýni af lim hefði DNA frá brotaþola verið merkt +4 þannig að það hefði verið fullkomin samsvörun. Í stroksýni af löngutöng og vísifingri vinstri handar hefði kvarðinn hvað varðaði sýni frá brotaþola verið +3 sem þýddi að það hefði ekki náðst mögnun á einum eða tveimur lyklum af þeim 23 sem væru notaðir, en væri samt nógu sterkt til að geta sagt tölfræðilega að þetta væri frá henni. Líklegasta skýringin á því að fullkomin samsvörun hefði fengist hvað varðaði DNA á lim ákærða væri sú að mikil snerting hefði verið á milli ákærða og brotaþola og mjög líklega um að ræða beina snertingu. Þegar stroksýni hefði verið tekið af líkama ákærða væri mjög eðlilegt að hans DNA væri einnig í sýni.

82. *P*, verkefnastjóri hjá Rannsóknastofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði, kvaðst hafa framkvæmt og undirritað alkóhólákvörðun með gasgreiningu vegna þvag- og blóðsýna frá brotaþola og blóðsýnis frá ákærða og staðfesti hann matsgerðir sínar. Lýsti vitnið meðferð sýnanna og framkvæmd mælinga.
83. *Lögreglumaður nr. Q* kvaðst hafa ritað frumskýrslu málsins og staðfesti hann skýrsluna. Brotaþoli hefði komið á lögreglustöðina til að kæra nauðgun. Hún hefði sagst hafa verið í partí á [...] ásamt vinkonu sinni og tveimur einstaklingum til viðbótar. Hefði hún ákveðið að fara niður í herbergi með ákærða og þar hefðu þau haft samfarir. Ákærði hefði byrjað að slá hana og lemja og hefði hún þá beðið hann að hætta en hann ekki gert það. Þá hefði hún sagst að hún þyrfti að fá að fara á salernið. Síðan hefði hún hlaupið upp og látið vinkonu sína vita og þær hlaupið út. Brotaþoli hefði verið miður sín og í uppnámi þegar hún kom á lögreglustöðina en vitnið minntist þess ekki að hafa séð áverka á henni. Þá staðfesti vitnið að brotaþoli hefði einnig verið grátbólgin og rauð á hægri kinn þegar hún kom á lögreglustöðina eins og fram kæmi í frumskýrslu.
84. Þá kom fram hjá vitninu að brotaþoli hefði þekkt ákærða með nafni. Hefði vitnið þá vitað um hvern væri að ræða og hvar ákærði væri á sjó og hringt í skipstjóran á bátnum. Skipstjórinn hefði sagst vera farinn á sjó en ákærði og félagi hans hefðu ekki mætt. Hann hefði snúið bátnum við til að sækja þá og biðu þeir á bryggjunni. Sagði vitnið að þeir hefðu farið niður á bryggju og fljótlega fundið þá og hefði ákærða verið kynnt að hann væri handtekinn og um hvað hann væri grunaður. Þeir hefðu báðir verið talsvert ölvaðir og hefði ákærði verið hissa. Vitnið kvaðst hafa rætt við D á bryggjunni. Hefði hann verið mjög æstur og sýnt honum myndband sem hann hefði tekið upp þetta kvöld þar sem

ákærði og brotapolí hefðu verið að kyssast. Vildi hann meina að það væri sönnun þess að ekkert hefði gerst. Kvaðst vitnið hafa tekið upp þetta myndskíð.

85. *Lögreglumaður nr. R* kvaðst hafa verið á bakvakt og hafa farið á sjúkrahúsið og tekið niður framburð brotapóla vegna meints kynferðisofbeldis. Brotapóli hefði sagst hafa verið að skemmta sér á bar með vinkonu sinni og síðan hefðu þær verið með *eftirpartí* í húsi sem þær hefðu leigt að [...]. Þar hefðu verið tveir eða þrír strákar og hefði ákærði verið einn af þeim. Hefði brotapolí farið með ákærða niður á neðri hæðina og þau byrjað að hafa þar kynmök. Ákærði hefði orðið *fullagressifur*, og byrjað að slá hana utan undir, sem hún hefði ekki viljað, og svo þrýst að hálsi hennar sem hún hefði heldur ekki viljað og beðið hann að hætta. Ákærði hefði ekki hætt og hefði hún spurt hann hvort hún mætti fara á salernið og hefði hún þurft að spyrja hann í nokkur skipti. Hann hefði fyrst neitað, en svo leyft henni að fara. Hefði brotapolí sagt þetta til að komast burt og hefði hún hlaupið upp á efri hæðina og hitt þar vinkonu sína sem hefði hjálpað henni í föt og þær farið út úr húsinu og hringt í lögreglu.
86. Vitnið sagði að brotapolí hefði verið í uppnámi og grátbólgin. Þá hefði hún verið rauð á hálsinum en hún hefði ekki séð aðra áverka á brotapóla. Staðfesti vitnið jafnframt að brotapolí hefði verið rauð vinstra megin á kjálka rétt við höku eins og fram kæmi í skýrslu.
87. *Lögreglumaður nr. S* kvaðst hafa verið á vakt þegar brotapolí, vinkona hennar og móðir vinkonu brotapóla komu á lögreglustöðina. Brotapolí hefði þá lýst því að hún hefði orðið fyrir nauðgun í heimahúsi í Vestmannaeyjum, að [...]. Brotapóla hefði verið mikið niðri fyrir og hún grátbólgin og þær allar verið í sjokki. Þá kvaðst vitnið hafa tekið þátt í að handtaka ákærða. Ákærði hefði verið á sjó á bát frá [...], [...], og hefði hann verið að bíða eftir bátnum. Varðstjórinn hefði hringt í skipstjóran og þeir náð að handtaka ákærða á bryggjunni áður en báturinn kom í land. Vinur ákærða hefði einnig verið þar.
88. *Lögreglumaður nr. T* kvaðst hafa aðstoðað við handtöku ákærða. Hefðu þeir séð ákærða og félag hans úti á bryggju og gefið sig á tal við þá og handtekið ákærða, kynnt fyrir honum sakarefnið og fært hann í klefa. Hefði ákærði þá augljóslega verið undir áhrifum áfengis.
89. *Lögreglumaður nr. U* kvaðst hafa verið við vettvangsrannsókn og hefði hann myndað vettvang og gert ljósmyndaskýrslu. Atvik hefðu gerst í gömlu íbúðarhúsi, sem sig minnti að væri bárujárnsklætt timburhús, í herbergi í kjallaranum, en þangað niður lægi stigi og þar væri einnig þvottahús. Inngangur inn í húsið væri frá götunni og þegar komið væri

inn á hæðina væri þar a.m.k. eldhús og stofa. Þaðan væri svo stigi niður. Kvaðst vitnið ekki vita hvort það væri hljóðbært í húsinu. Var vitninu sýnd framangreind ljósmyndaskýrsla og sagði hann að á myndum nr. 9 og 10 mætti sjá stigann frá hæðinni niður í kjallara en stofan, sem væri á hæðinni, sæist þar á mynd nr. 6. Þar sæist sófinn sem þau hefðu setið í en á mynd nr. 9 mætti sjá forstofuna og væru dyrnar þaðan inn í stofuna við stigann sem væri þar á hægri hönd. Á mynd nr. 11 væri holið í kjallaranum eða þar sem komið væri þangað niður og væri myndin tekin við stigagatið og vísaði örin á herbergið þar sem meint brot væri talið hafa átt sér stað. Það væri því eitt hverbergi á milli þess og stigans. Á myndum nr. 15–18 væri herbergi brotþola. Þar hefði verið rúm og stólar og svolítill óreiða, sængin kuðluð og föt á gólfinu. Minnti hann að einnig hefði verið þar náttborð og föt frá bæði brotþola og ákærða. Gæti ákærði hafa átt þau föt sem sjá mætti á mynd nr. 22. Staðfesti vitnið að stofan væri beint á móti stiganum og þegar gengið væri út úr forstofunni væri farið beint inn í stofuna.

90. V, læknir á neyðarmóttöku, kvaðst hafa tekið á móti brotþola ásamt hjúkrunarfræðingi og hlúð að henni og hefði hún ritað um það nokkuð ítarlega nótu þar sem brotþoli hefði gefið góða sögu. Á þessum tíma, árið 2021, hefði verklagið verið þannig að hún skrifaði niður sínar nótur um frásögn brotþola og hjúkrunarfræðingurinn sínar. Það gæti verið smá munur á þeim þar sem oft kæmi hjúkrunarfræðingurinn aðeins fyrr að málinu en læknirinn. Þau byrjuðu á því að taka niður sögu og tækju oft einnig blóð- og þvagprufur og framkvæmdu skoðun. Eftir það færi oft smá tími í spjall. Saga brotþola væri aðallega tekin í þeim tilgangi að vita hvernig skoðunin ætti að vera. Var vitninu kynnt að fram kæmi í skýrslu vitnisins að brotþoli og vinkona hennar hefðu gefið sögu saman að ósk brotþola. Sagði vitnið þá að hún gerði ráð fyrir að brotþoli hefði óskað eftir því að hafa vinkonu sína hjá sér á meðan hún gæfi sögu sína. Það gæti alveg hugsast að vinkona brotþola hefði bætt einhverju við söguna og þess vegna hefðu þær skráð að hún væri viðstödd. Vissi hún ekki hvort vinkona brotþola hefði sagt eitthvað um atvikið sjálft en hún hefði ekki verið inni í herberginu með brotþola og ákærða.
91. Vitnið kvaðst hafa framkvæmt skoðun á brotþola. Hún hefði talað um að ákærði hefði tekið um háls hennar og hún hefði því skoðað hálsinn og slímhúðir. Þá hefði brotþoli talað um samfarir um leggöng og hefði hún gert kvenskoðun og þá tekið þau sýni sem skynsamlegt var að taka. Hefði brotþoli verið með roða á hálsi, og vísaði vitnið nánar um það í ljósmyndir sem teknar voru við skoðunina og skýrslu sína, og hefðu henni verið gefin verkjalyf. Þá hefði ekki verið punktblæðing í slímhúð augnloka eða munnhols.

Hefði hún skrifað í skýrslu sína: *Hugsanlega eftir hálstak*. Hefði skoðunin hugsanlega komið heim og saman við sögu brotaþola.

92. Var vitninu kynnt að í skýrslu hennar kæmi fram að ekki hefðu sést áverkar á bók eða útlimum og að brotaþoli hefði sagt að hún væri dálítið aum í herðum og ofanverðu baki og hún verið með dreifð eymsl á framanverðum hálsi þar sem roðablettir hefðu sést sem gætu verið eftir hálstak og aum dreift í hársverði. Kvaðst vitnið ekki geta útskýrt þessa niðurstöðu nánar. Roði á hálsi gæti hafa verið eftir hálstak en hann gæti einnig hafa verið eftir eitthvað annað. Hvað varðaði þær teikningar sem fylgdu skýrslu hennar sagði vitnið að venjulega merkti hún annaðhvort með hring eða staðsetningu til að sýna það sem fyndist við skoðun til að vita aðstæður og bæta við það sem ljósmyndir sýndu.
93. Spurð um ástand brotaþola við komu sagði vitnið að samkvæmt því sem hún hefði ritað hjá sér hefði hún grátið mikið. Staðfesti vitnið að hafa einnig merkt við að brotaþoli hefði verið í losti og með skjálfta, sem benti til þess að hún hefði hugsanlega verið í tilfinningalegu uppnámi. Ekki hefði komið fram hjá brotaþola skýring á því hvers vegna hún væri aum í hársverði. Það fylgdi skoðuninni að þreifa þetta svæði eftir að hálsinn hefði verið skoðaður og þá hefði brotaþoli verið aum við þreifingu þar. Spurð hvort eitthvað hefði komið fram sem benti til þess að tekið hefði verið í hár hennar sagði vitnið að maður gæti verið aumur í hársverðinum eftir það.
94. Var vitninu kynnt að fyrir lægi að brotaþoli hefði farið til læknis degi síðar og 13 dögum síðar og þá í báðum tilvikum með mar sem hún tengdi við þetta tilvik og var hún spurð hvort það væri þekkt að áverkar yrðu sýnilegir svona seint. Sagði vitnið að það væri þekkt að mar geti komið fram seinna og gæti það alveg komið fram daginn eftir en hún ætti erfitt með að segja til um hvort það gæti hafa komið 13 dögum síðar. Þær hvettu skjólstaðinga sína til að fara til læknis ef það kæmu fram áverkar daginn eftir.
95. *D* sagði að hann hefði verið í landi í Vestmannaeyjum og verið ásamt ákærða á fyllerí og endað heima hjá brotaþola. Þeir hefðu hitt brotaþola og vinkonu hennar á bar og farið heim með þeim. Fljótlega eftir að þeir komu heim til brotaþola hefði hún byrjað að kyssa ákærða og þá setið ofan á honum í sófanum. Kvaðst hann hafa sent lögreglu myndband af því. Eftir einhvern tíma hefðu þau farið niður í herbergi en hún síðan allt í einu komið upp grátandi og hefði hún einnig verið mjög ölvuð. Hann hefði spurt hana hvað hefði gerst en hún bara talað í einhverja hringi. Síðan hefði vinkona hennar komið inn í herbergið og sagt að brotaþoli væri alltaf með eitthvert drama þegar hún væri full og hefði hann þá hætt að taka mark á brotaþola. Hann hefði þá náð í ákærða, en hann hefði

þá enn verið niðri í herbergi að klæða sig, og farið af stað niður í bát. Var vitninu kynnt að hann hefði í skýrslu sem hann gaf hjá lögreglu sagt að ákærði hefði verið blindfullur og hefði hann þurft að hjálpa honum að klæðast og staðfesti vitnið það.

96. Vitnið sagði að þegar ákærði og brotaþoli fóru niður í herbergi hefðu hann og vinkona brotaþola verið í sófanum í stofunni að hlusta á tónlist og spjalla. Var vitninu kynnt að í skýrslu sem hann gaf hjá lögreglu hafi hann sagt að engin tónlist hefði verið í gangi í stofunni á meðan þau voru niðri og sagði vitnið þá að það gæti verið rétt. Giskaði hann á að brotaþoli og ákærði hefðu verið búin að vera 15–20 mínútur niðri þegar brotaþoli kom upp aftur. Samskipti hans við brotaþola eftir að hún kom upp hefðu átt sér stað í herbergi á hæðinni, við hliðina á stofunni. Fyrst, í um mínútu, hefði hann verið einn með henni í herberginu og síðan hefði vinkona hennar komið. Hann hefði áttað sig á því að hún hefði verið að bera sakir á ákærða en hún hefði ekki getað sagt hvað það var. Kvaðst hann ekki muna hvernig hún var klædd þegar hann talaði við hana en hún hefði alla vega verið klædd en ekki nakin eða á nærbuxunum og hefði hann ekki séð áverka á henni. Þeir hefðu strax farið út og héldi hann að klukkan hefði þá verið rúmlega þrjú. Stelpurnar hefðu verið farnar eitthvað út að tala saman og á meðan hefðu þeir farið.
97. Þá sagði vitnið að báturinn hefði verið farinn þegar þeir komu niður á bryggju og hefðu þeir beðið þar eftir að hann kæmi til baka að sækja þá og hefði ákærði þá verið handtekinn. Ákærði hefði ekki sagt honum hvað hefði gerst. Einnig kom fram hjá vitninu að þeir hefðu verið búnir að vera á fyllerí allt kvöldið og á kvarða frá 1–10 yfir ölvun hefðu þeir báðir verið svipaðir, um 7. Þeir hefðu ekki átt í neinum erfíðleikum með að komast niður á bryggju vegna ölvunar og hefðu gengið þangað.

V

98. B, brotaþoli samkvæmt ákæru dags. 9. febrúar 2024, sagði að þau ákærði hefðu búið saman frá því að hann kom úr fangelsi nokkrum mánuðum áður en atvikið gerðist 21. maí 2020. Þau hefðu einnig áður verið í sambúð en þá búið saman heima hjá foreldrum hennar. Þetta kvöld hefði hún verið að fara frá ákærða og verið að taka saman dótið sitt. Aðdragandi þess hefði verið að hann hefði séð eitthvað á Instagram hjá henni sem hann hefði ekki verið sáttur við. Hann hafði verið pirraður allan daginn og héldi hún að hann hefði hann slegið hana tvisvar utan undir fyrr um daginn eða daginn áður. Hún hefði ætlað að fara og minnti hana að hann hefði einnig sagt henni að fara og hefði hún verið að gera það þegar hann *tók tryllinginn* út af því að hún var að fara. Hún hefði beðið hann

um koddann sinn og hefði hann einhvern veginn hent í hana koddanum og að því er hana minnti einnig símanum hennar. Síðan hefði hann flýtt sér upp úr rúminu og hefði hún ætlað að hlaupa inn á baðherbergi en það hefði alltaf verið mjög erfitt að loka hurðinni þar og hún hefði ekki náð að loka og hann komist inn. Hefði hann tekið hana yfir axlirnar og gengið með hana fram og dúndrað henni í gólfið þannig höfuð hennar hefði skolið í það. Síðan hefði ákærði legið einhvern veginn ofan á henni og tekið hana kyrkingartaki og hefði hún þá legið á bakinu á gólfinu. Ákærði hefði sleppt henni í smástund og þá hefði hún náð að reisa sig við og skipta um stellingu. Síðan hefði hún einhvern veginn náð að snúa sér við og skríða upp í rúm en hann náð að komast aftur ofan á hana að aftan og legið þannig og þrengt að hálsi hennar með báðum höndum. Kvaðst hún ekki hafa náð að standa upp. Hún hefði þá verið með hnén á gólfinu og hallast aðeins ofan á rúmið og hann ofan á henni, á bakinu á henni og með kyrkingartak á henni. Kvaðst hún hafa haldið að þetta væri búið og hefði hann þrengt að hálsi hennar þangað til hún hefði varla séð lengur. Myndi hún ekki hvernig hann hefði haldið um háls hennar eða hvort hann hefði haldið eins í báðum tilvikum en hann hefði í báðum tilvikum tekið um háls hennar með báðum höndum. Kvaðst hún hafa fundið fyrir hálstakinu eiginlega um allan hálsinn. Hún hefði ekki náð að anda þegar hann hélt um háls hennar og hefði hún næstum því fallið í yfirlið.

99. Brotapoli sagði að ákærði hefði síðan tekið glas með vatni og sett vítamín-freyðitöflu í það og skvett því í augu hennar og á hana alla. Hefði hana þá sviðið mikið í augun og lítið séð. Ákærði hefði síðan tekið upp hníf og haldið honum uppi við hálsinn á henni og sagt að hann ætlaði að skera hana á háls og drepa hana, fjölskyldu hennar og dýrin hennar. Brotapoli sagði að meðan ákærði hélt hnífnum þarna hefði hann verið að útskýra fyrir henni hvað hún væri ógeðsleg og fleira og lýsti hún því að hann hefði gripið um höku hennar og lyft henni upp og haldið hnífnum að hálsi hennar. Hefði ákærði verið með stóran eldhúshníf og hefði hann komið við húð hennar með hnífnum og sýndi vitnið með handarhreyfingu að hann hefði komið við hana með hnífnum yfir barkakýlið og hefði hún fundið fyrir hnífnum þar. Hann hefði síðan hlaupið út í bifreið og verið með bíllykilinn með sér og hefði hann sagst ætla að aka heim til foreldra hennar og drepa alla fjölskyldu hennar.
100. Þá sagði brotapoli að þegar ákærði kom inn aftur hefði hann haldið aðeins áfram að skvetta á hana úr glasinu en síðan hefði hann tekið tilhlaup og hoppað einhvern veginn og *kicksparkað* í magann á henni og haldið því áfram í svolítinn tíma. Hann hefði tekið

sér pásu en svo alltaf hlaupið aftur að henni, stokkið og sparkað í magann á henni eða í líkama hennar. Þá hefði hann tekið í andlit hennar og klórað hana og hefði hún verið með klórför á andlitinu. Síðan hefði verið eins og hann hefði fengið *smá ógeð* á sjálfum sér og hefði hann ælt á gólfið fyrir framan hana en farið svo inn á bað og haldið áfram að æla þar. Eftir að hann kom fram hefði hann sparkað oftár í hana. Síðan hefði hann látið hana þrífa upp allt vatnið sem hann hafði skvett út um allt. Eftir þetta og áður en hann fór út á sjó hefði hann nauðgað henni. Kvaðst brotaþoli ekki hafa getað verið sig. Hefði ákærði um sex til átta sinnum komið svona að henni og sparkað í hana. Hann hefði hoppað áður en hann sparkaði en í nokkur skipti staðið og haldið áfram að sparka í hana.

101. Brotaþoli sagði að á meðan á þessu stóð hefði andlegt ástand hennar ekki verið gott og hefði hún verið hrædd. Eftir þetta hefði hún verið með áverka og farið á spítala þegar ákærði var farinn út á sjó. Strax eftir að þetta gerðist hefði hún ekki getað hreyft höfuðið á sér. Hún hefði verið með mar í andlitinu og blóðpunkta út um allt en þeir kæmu eftir kyrkingartak. Einnig hefði hún verið með för eftir kyrkingartak á hálsinum og átt erfitt með gang eftir kviðspörkin. Bornar voru undir brotaþola ljósmyndir sem teknar voru af henni á bráðamóttöku. Kannaðist hún við þær en vildi taka það fram að hún teldi að það sem virtist vera áverkar á hendi hennar væri *psoriasis* sem væri húðsjúkdómur sem hún væri með og kæmi vegna áfalla.
102. Brotaþoli sagði að spörk ákærða hefðu lent á maganum og örugglega einnig einhvers staðar annars staðar en hún myndi ekki hvort hún hefði fengið áverka á magann. Eftir þetta hefði hún verið með verki í síðunni, undir rifbeininu, en myndi ekki hvorum megin. Spörkin hefðu verið kraftmikil væri ákærði mjög sterkur þegar hann væri reiður. Sagði hún að þessi atburðarás sem hún hefði lýst hefði tekið langan tíma en hún myndi ekki hve langan. Þá sagði brotaþoli að ákærði hefði einnig læst hana úti á nærfötunum. Á meðan þetta gerðist hefði ákærði inni á milli róast niður en svo hefði verið eins og hann sæi svart og héldi hún að þá myndi hann ekki eftir neinu og réði ekki við sig. Eftir þetta hefði hann látið hana vorkenna sér og talað um hvað sér liði illa.
103. Brotaþoli sagði að ákærði hefði losnað úr fangelsi í mars 2020 og hefðu þau strax hist. Foreldrar hennar hefðu komist að því og þá hefði hún ekki mátt vera heima hjá þeim og því flutt inn með ákærða. Hann hefði alltaf reddað húsnæði. Þau hefðu verið í sumarbústað en síðan hefði ákærði leigt í Hafnarfirði. Þau hefðu verið þar í einhvern tíma, en hún myndi ekki hve lengi, og þar hefðu þessi atvik gerst. Hún hefði búið hjá honum þar og hefði hann beðið hana að giftast sér og hún verið með allt dótið sitt þarna.

104. Kvaðst brotaþoli ekki hafa sjálf verið með neinar tekjur á þessum tíma. Ákærði hefði allt þeirra samband séð um þau peningalega og alltaf borgað leiguna, einnig í Hafnarfirði. Kvaðst brotaþoli hafa verið í íbúðinni í fjóra til sjö daga eftir að ákærði réðst á hana en farið síðan heim til foreldra sinna þegar ákærði var á sjó eða hann var sofandi. Teldi hún að hún hefði verið hjá ákærða frá því í mars þangað til í maí 2020. Ákærði hefði einhvern tímamann látið leggja hluta af mánaðarlaunum sínum inn á hana til að safna pening sem hún hefði endurgreitt þegar þau hættu saman. Hún hefði notað kortið hans þegar hann var á sjó en hann alltaf keypt mat fyrir þau og föt fyrir hana og stundum millifært inn á hana.
105. Kom fram hjá brotaþola að hún væri ekki í samskiptum við ákærða í dag og hefðu þau síðast átt í samskiptum fyrir um ári. Þau hefði einu sinni byrjað aftur saman eftir þetta atvik og hefði það verið í lok ársins 2020 en hún hefði farið frá honum aftur í janúar 2021 á afmæli hennar. Þegar þau byrjuðu fyrst saman hefði hún verið 14 ára og hann 17. Þá hefðu þau verið saman með hléum í um þrjá mánuði. Eftir það hefðu þau oft hist og aldrei hætt að tala saman og síðan byrjað aftur saman sumarið 2018 og þá verið saman í meira en ár. Sambandi þeirra hefði lokið eftir árásina í október 2019 þegar ákærði fór í fangelsi. Á þessum tíma hefðu þau búið saman á heimili foreldra hennar og um tíma hjá móður ákærða. Þegar ákærði var í fangelsi hefði hann hringt mjög mikið í hana og þegar hann kom út hefði hann verið búinn að ákveða að þau tækju aftur saman og hún hefði hlýtt því. Í mars 2020 hefðu foreldrar hennar sagt henni að hún mætti ekki búa á heimili þeirra á meðan hún væri í samskiptum við ákærða. Þegar atvik gerðust hefði hún verið 45 eða 50 kg á þyngd. Þá sagði brotaþoli að ekki gæti verið að hún hefði fengið þessa áverka vegna einhvers annars sem hefði komið fyrir hana þessa nótt og hún hefði ekki veitt sér þessa áverka sjálf. Ákærði hefði farið út á sjó og hún því getað farið á spítalann nokkrum klukkutímum eftir að þetta gerðist. Staðfesti brotaþoli að hafa verið í samskiptum við réttargæslumann sinn í kjölfar atviksins og látið hana vita af því og réttargæslumaðurinn hefði síðan farið með hana upp á spítala.
106. Brotaþoli sagði að þessi líkamsárás hefði haft áhrif á sig. Hún hefði átt mjög erfitt með svefn eftir þetta, en þá hefði einnig verið stutt síðan árásin í október 2019 átti sér stað og hefði það verið mikið áfall fyrir hana að þetta skyldi gerast aftur. Hún sagði að líðan hennar í dag væri upp og ofan. Eftir þetta atvik hefði hún í rauninni lokað á þetta. Kvaðst hún hafa leitað sér aðstoðar hjá sálfræðingi um tíma. Hefði verið erfitt fyrir hana að leita sér aðstoðar og tala um þetta.
107. G, móðir brotaþola, sagði að ákærði hefði losnað úr fangelsi 18. mars 2020 og hefði hann

þá verið búinn að vera í sambandi við brotþola frá því að hann var settur inn. Hann hefði hringt í hana ítrekað úr fangelsinu og látið færa henni gjafir og bréf og strax haft samband við hana þegar hann kom út og hefði hún fundið þau á [...]. Hefði hún sagt brotþola að hún vildi ekki hafa hana inni á sínu heimili þegar hún væri með honum. Brotþoli hefði þá flutt til ákærða sem hefði þá leigt bílskúr í Hafnarfirði en hún vissi ekki hvað brotþoli bjó lengi með honum þar.

108. Vitnið sagði að ákærði hefði farið til móður sinnar þegar hann losnaði út. Þau brotþoli hefðu verið eina nótt á [...] og fleiri nætur á öðrum hótelum. Svo hefði ákærði verið í herbergi í Grafarvogi og í Hafnarfirði og héldi hún að hann hefði verið þar í alla vega þrjá mánuði. Hefði brotþoli verið hjá ákærða á þessum stöðum. Vissi hún ekki til þess að brotþoli hefði flutt lögheimili sitt úr [...] og til ákærða en hún hefði búið hjá honum og þau verið saman og verið trúlofuð. Hann hefði beðið hana að trúlofast sér á [...] 18. eða 20. mars 2020 og gefið henni hring. Brotþoli hefði enga peninga átt á þessum tíma en hann átt peninga og bifreið. Kvaðst hún strax hafa tekið eftir ofbeldishegðun ákærða og það hefði fljótt farið að bera á hættumerkjum í sambandi þeirra en þau hefðu fyrst byrjað saman þegar brotþoli var 14 ára og ákærði 17. Vitnið sagði að brotþoli hefði flutt öll föt sín og allt til ákærða og hefði ákærði borgað allt fyrir hana.
109. Þá sagði vitnið að árásir ákærða á brotþola hefðu leitt til þess að hann hefði drepið hana andlega og væri hún ekki lengur glaðlega stelpan þeirra. Hann hefði gert hana að 100% öryrkja, sem kæmist ekki fram úr rúminu. Hún deyfði sig til að reyna að komast áfram í lífinu, djammaði um helgar og svæfi á virkum dögum. Þetta væri gjörsamlega búið að eyðileggja líf hennar og margra í kringum hana. Ákærði og brotþoli hefðu byrjað saman árið 2016 og þá hefði hann verið heima hjá þeim þangað til 8. september 2019, þegar hann réðst á hana. Þann 1. október 2019 hefði hann farið í fangelsi og losnað út 18. mars 2020.
110. Einnig kom fram hjá vitninu að brotþoli hefði komið heim eftir atvikið 21. maí 2020, örugglega tveimur dögum eftir það, og hefði hún þá verið með sýnilega áverka á hálsi eftir kyrkingartak, á augum og á höndum en hún hefði ekki lýst þessum atvikum fyrir henni í smáatriðum. Hefði brotþola þá liðið illa og hún einangrað sig. Augu hennar hefðu verið sprungin eftir þrýsting. Brotþoli hefði reynt að leita sér aðstoðar en skömm hennar og vanlíðan hefði verið svo mikil að hún komst ekki á fætur og teldi vitnið að hún hefði enn fulla þörf fyrir aðstoð.
111. W, læknir og sérfræðingur á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, kvaðst hafa hitt

brotapola, sem var þá 18 ára, 21. maí 2020. Hefði hún sagst hafa orðið fyrir líkamsárás af hendi ákærða þá sömu nótt, kl. 02:00. Kvaðst hann hafa ritað vottorð vegna komu brotapolu sem hann staðfesti. Hefði komið fram hjá brotapolu að ákærði hefði farið á eftir henni inn á baðherbergi, slegið hana í bakið með kodda, hent síma í hana og hefði hún fallið á gólfið. Einnig hefði hann tekið um háls hennar og sparkað í brjóstkassann á henni. Brotapoli hefði einnig nefnt við hjúkrunarfræðinginn, en ekki við hann, að ákærði hefði tekið hníf og hóttað henni. Þegar ákærði hefði farið hefði brotapoli komið ásamt lögfræðingi sínum á bráðamóttökuna og hefði hún þá verið vakandi, skýr og samvinnuþýð. Það hefðu verið sýnilegir áverkar á hálsi hennar og hún hefði verið með mörg klórför og smáblæðingar undir húð sem lágu í línu. Þá hefðu verið yfirborðsáverkar á húð á hægri öxl og hægra megin á andliti undir augum. Í vottorðinu kæmi fram að hún hefði verið greind með yfirborðsáverka á hálsi, yfirborðsáverka á öxl, áverka og yfirborðsáverka á andliti og streitu. Hvað varðaði meðferðina hefðu verið teknar myndir af áverkunum, sárin hefðu verið þrífín og henni ráðlagt að halda þeim hreinum.

112. Sagði vitnið að *flekkblæðingarhúð* sem sást á hálsi brotapolu væri áverkar á háráðum og æðum undir húð, yfirleitt vegna mikils þrýstings á húð. Þetta væru smáblæðingar sem yfirleitt hyrfu á einni viku. Svona áverkar gætu samræmst því að viðkomandi hefði verið tekin hálstaki. Línulaga áverkar hefðu aðallega sést á hálsi og hefðu flekkblæðingarnar ekki verið blettir heldur nokkrar cm langar línur sem lágu samhliða. Svona áverkar gætu komið vegna þrýstings á háls undan fingrum af völdum handar eða bareflis. Það hefðu einkum verið flekkblæðingar á andlitinu undir hægra auga og einnig á hægri öxl. Væri hann ekki viss hvort áverkarnir á andliti brotapolu hefðu verið vegna þess að viðkomandi hefði verið tekin þar taki eða vegna annars. Þá kvaðst hann ekki hafa fundið neina áverka á kvið brotapolu. Teldi hann að útlit áverkanna samrýmdist því að brotapoli hefði hlotið þá um nóttina eins og hún bar um og að áverkarnir gætu samrýmst þeirri atlögu sem hún lýsti.
113. *Y hjúkrunarfræðingur* kvaðst hafa tekið á móti brotapolu þegar hún kom á bráðamóttöku. Hún hefði verið ósofin og stressuð og hefðu vitnið og lækni tekið niður frásögn hennar. Hefðu þau ákveðið að skrifa nákvæma lýsingu frá sjónarhorni brotapolu af því að hún hefði talað um að hún vildi kæra ákærða seinna meir. Hún hefði lýst því að kærasti hennar hefði beitt hana ofbeldi um nóttina og síðan hefði hún hringt í lögfræðinginn sinn einum til tveimur tímum síðar. Þau hefðu séð á henni áverka og tekið myndir af þeim. Hefði hún sagt að þetta væri *flashback* fyrir hana frá fyrri árás og hefði hún verið mjög hrædd

og stressuð.

114. Sagði vitnið að brotþoli hefði verið með áverka a.m.k. í andliti og á hálsi en þau hefðu tekið myndir af þeim áverkum sem þau sáu. Var vitninu kynnt að í slysaskráningu væri skráð að brotþoli hefði upplifað höfuðverk og væri aum á hnakka. Sagði vitnið að lækjurinn hefði skoðað brotþola en hún hefði verið viðstödd og þau hjálpast að við að taka myndir. Teldi hún ólíklegt að brotþoli hefði valdið sér þessum áverkum sjálf miðað við hvernig hún bar sig auk þess sem hún hefði verið hrædd. Vitnið staðfesti að hafa ritað þá slysaskráningu sem liggur fyrir.
115. *Lögreglumaður nr. Z* kvaðst hafa tekið við rannsókninni á árinu 2022 og þá fyrst komið að málinu. Hann hefði tekið eina skýrslu af brotþola á heimili hennar. Staðfesti vitnið að hafa gert upplýsingaskýrslu um samskipti brotþola og réttargæslumanns og sagði að skilaboð sem hefðu farið á milli þeirra hefðu fylgt skýrslunni. Þá hefði hann aflað gagna um lögheimili og búsetu ákærða og brotþola og staðfesti hann skýrslu sem hann ritaðu um það. Hefði hvorugt þeirra reynst hafa verið með skráð lögheimili á vettvangi þegar atvik gerðust og hefði leigusamningur ekki legið fyrir. Brotþoli hefði verið skráð í [...] en ákærði í [...], einnig hefði hann á einhverju tímabili þetta ár verið ótilgreindur í hús í Reykjavík.
116. Þá sagði vitnið að ákærði hefði talað um það í skýrslutöku að þau hefðu búið í [...] en það hefði ekki verið til. Eftir nokkur símtöl við íbúa við [...] hefði hann komist að því að bílskúr við [...] hefði verið í útleigu undanfarin ár. Hann hefði rætt við húsráðanda þar sem kvaðst hafa leigt þennan bílskúr út og hefði hún munað vel eftir ákærða og brotþola, aðallega vegna þess að það hefði gengið mikið á, hún heyrt rifrildi, hávaða og læti og hefðu þau skilið bílskúrinn eftir í rúst. Þau hefðu flutt þarna inn á árinu 2020 og tekið með sér hluti sem hún hefði lánað þeim þegar þau fóru. Ákærði hefði greitt henni 50.000 krónur í tryggingu en hún væri ekki með neitt þessu til staðfestingar annað en skjáskot af millifærslu að fjárhæð 52.000 krónur. Þá myndi hún ekki hve lengi þau hefðu leigt hjá henni en fram kom hjá henni að þau hefðu bæði búið þarna en ákærði greitt leiguna.
117. *Lögreglumaður nr. P* staðfesti að hann hefði unnið skýrslu um eftirfylgd vegna heimilisofbeldis og væri um að ræða hefðbundna skýrslu í svona málum. Þá staðfesti vitnið að hafa unnið ljósmyndaskýrslu vegna mynda af áverkum brotþola sem liggur fyrir og taldi að þær myndir sem þar væru hefðu borist frá brotþola en verið gæti að hluti þeirra væri frá Landspítalanum.
118. *Lögreglumaður nr. Æ* staðfesti að hafa ritað skýrslu vegna atvika er áttu sér stað nokkru

eftir 21. maí 2020. Kvaðst hann hafa á vettvangi rætt við föður brotþola og hefði hann þá lýst áhyggjum af sambandi brotþola og ákærða og sagt að ákærði hefði hótað brotþola því að skera hana á háls. Þá sagði hann brotþola hafa leitað á slysadeild einni eða tveimur vikum fyrr. Þá hefði ákærði hótað henni með hníf og tekið hana kverkataki. Kvaðst vitnið einnig hafa rætt símleiðis við móður brotþola sem hefði einnig haft miklar áhyggjur af sambandi brotþola og ákærða.

VI

Niðurstaða

119. Ákærði er ákærður annars vegar fyrir nauðgun með ákæru dags. 13. júlí 2023, og hins vegar fyrir brot í nánu sambandi, en til vara fyrir hótun og líkamsárás með ákæru dags. 9. febrúar 2024. Ákærði neitar sök hvað báðar ákærurnar varðar og byggir hann sýknukröfur sínar m.a. á því að ósannað sé að hann hafi framið þá háttsemi sem í ákærunum greinir.
120. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, hvílir á ákæruvaldinu að færa sönnur á sekt ákærða. Það er dómenda að meta hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé komin fram um hvert það atriði er varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008. Tekur þetta mat m.a. til þess hvaða sönnunargildi skýrsla ákærða eigi að hafa sem og skýrslur vitna. Í þessu sambandi geta skýrslur vitna, sem ekki hafa skynjað atvik af eigin raun, haft þýðingu, enda sé unnt að draga ályktanir um sakarefnið af slíkum framburði.
121. Í 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 kemur fram sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 126. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls. Í því sambandi skal m.a. hugað að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn.

VII

122. Hvað varðar það sakarefni sem greinir í ákæru dags. 13. júlí 2023 er ákærði þar ákærður fyrir nauðgun, með því að hafa haft samræði og önnur kynferðismök við brotþola, A,

gegn hennar vilja, með því að beita hana ofbeldi og ólögmati nauðung, en ákærði sló hana nokkrum sinnum með flötum lófa í andlitið, reif í hár hennar, tók hana kverkataki, þannig að hún átti erfitt með andardrátt, og hélt henni niðri á meðan hann hafði við hana samræði, en ákærði lét ekki af háttseminni þrátt fyrir að brotþoli hefði ítrekað beðið hann að hætta. Byggist sýknukrafa ákærða m.a. á því að ósannað sé að ákærði hafi mátt vita að brotþoli hefði fallið frá samþykki sínu til kynmaka, að brotþoli hafi séð eftir samskiptum sínum við ákærða eftir að hún áttaði sig á því hver hann væri og háttsemin verði einungis metin ákærða til gáleysis.

123. Í ákæru er brot ákærða talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt lagaákvæðinu gerist sá sekur um nauðgun sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans og skal sæta fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að sextán árum. Samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja. Samþykki telst ekki liggja fyrir ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmati nauðung. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.
124. Af málgögnum verður ráðið að brotþoli hafi komið til lögreglu skömmu eftir meint brot sem samkvæmt skýrslu lögreglu er talið hafa átt sér stað um kl. 03:30 um nóttina. Áttu atvik sér stað í partí á heimili brotþola og vitnisins C en ákærði og félagar hans höfðu komið heim með þeim eftir að skemmtistað var lokað. Hvað varðar þau atvik sem gerðust á heimili brotþola er auk hennar og ákærða einungis við framburð D og C að styðjast. C var nán vinkona brotþola þegar atvik gerðust og D skípsfélagi ákærða og verður horft til þess við mat á framburði þeirra, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008.
125. Af framburði ákærða, brotþola og vitnanna D og C er ljóst að þau fjögur voru öll nokkuð drukkin umrætt sinn. Ákærði bar um að hafa neytt kannabis auk áfengis. Í blóðsýni sem tekið var úr ákærða kl. 06:45 um morguninn mældust 2,02% alkóhóls og tetrahýdrókannabínól 14 ng/ml. Samkvæmt framburði H, starfsmanns rannsóknastofu, var þetta lítið magn af tetrahýdrókannabínóli og hafði það lítil áhrif og hefði meint brot átt sé stað þremur til fjórum klukkustundum áður en blóðsýnið var tekið hefði áfengismagnið í ákærða verið hærra. Blóð- og þvagsýni voru tekin úr brotþola eins og að framan er rakið. Kom fram í framburði H að á grundvelli niðurstaðna vegna rannsókna á sýnunum væri hægt að álykta að brotþoli hefði verið með 1,4% alkóhóls í blóði um kl. 04:00 um nóttina.
126. Fyrsta frásögn brotþola af atvikum kemur fram í frumskýrslu málsins þar sem hún rekur

atvik stuttlega. Nokkru ítarlegri skýrsla var tekin af henni skömmu síðar á heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum. Loks gaf brotapolí ítarlega skýrslu um atvik þann 3. september 2021 og liggur fyrir upptaka af henni í hljóði og mynd. Þá lýsti brotapolí því að þau ákærði hefðu haft samræði og í upphafi hefði samþykki hennar legið fyrir. Þau hefðu bæði verið nakin og hefði ákærði legið ofan á henni og haft samræði við hana um leggöng. Á meðan hefði ákærði síðan slegið hana í andlitið og hún þá beðið hann að róa sig og sagt honum að hún *filaði* þetta ekki og hafi ákærði þá ætlað að róa sig. Nokkrum mínútum seinna hefði ákærði slegið hana aftur hinum megin á andlitið. Hún hefði þá sagt honum að hætta og hefði ákærði þá tekið hana hálstaki þannig að hún *missti andann*. Þá hefði hann slegið hana tvisvar á meðan hann hélt hálstakinu og sagt henni að segja hver ætti hana og hefði hún þá átt að segja nafn hans. Alls hefði ákærði slegið hana fimm eða sex sinnum, fast með opnum lófa. Kvaðst brotapolí hafa reynt að þrýsta ákærða burt en það ekki tekist og hún þá ákveðið að spila með og leyfa honum að klára en ákærði hefði orðið sífellt ákafari. Eftir að ákærði sleppti taki á hálsi hennar hefði hann eingöngu haldið um mjaðmir hennar. Lýsti brotapolí því hvernig hún hefði ítrekað sagt ákærða að hún þyrfti að fara að pissa til að reyna að losna frá honum og hann á endanum leyft henni að fara fram. Þegar hún var komin að herbergishurðinni hefði ákærði tekið í hár hennar og spurt hana hvort hún væri ekki bara að fara á salernið og hún hefði svarað því játandi en í kjölfarið hlaupið upp á næstu hæð þar sem vinkona hennar hefði klætt hana í föt. Sagði brotapolí að samþykki sitt hefði legið fyrir þar til ákærði sló hana í annað sinn, þá hefði hún sagt honum að hún vildi hætta. Þá kvaðst hún hafa kallað á hjálp með því að kalla orð sem þær C hefðu ákveðið að nota ef þær vantaði aðstoð en ákærði þá sett hönd yfir munn hennar. Á meðan á þessu stóð hefði sér fundist hún vera föst og hún verið hrædd.

127. Framburður brotþola fyrir dómi var á sama veg en ekki kom fram hjá henni að ákærði hefði sett hönd fyrir munn hennar þegar hún kallaði. Þá lýsti hún því að ákærði hefði, eftir að hann sló hana í fyrsta sinn, fest hana niður með því að halda í hár hennar þegar hann var ofan á henni. Kvaðst brotapolí hafa sagt ákærða skýrt að hún væri ekki að *fila* þetta og farið að gráta en hann hefði þá tekið fastar um hana og viljandi fest hana undir sér. Hefði hún sagt *nei* og nokkrum sinnum sagt ákærða að fara af sér. Sagði brotapolí að ekki hefði átt að fara fram hjá ákærða að hún vildi þetta ekki. Þá kom fram hjá henni að hún hefði verið nakin þegar hún hljóp upp en reynt að hylja sig með peysu sem hún var með.

128. Ákærði gaf skýrslu skömmu eftir að hann var handtekinn og síðan aftur 20. apríl 2021. Frá upphafi kom fram hjá honum að hann myndi lítið eftir atvikum og myndi ekki eftir að hafa haft samræði við brotþola. Var framburður hans á sama veg fyrir dómi. Fram kom hjá ákærða að í ljósi niðurstöðu DNA-kennslagreiningar drægi hann ekki í efa að hann hefði haft samræði við brotþola en hann sagði gögn jafnframt benda til þess að það hefði verið með samþykki brotþola. Hefur ákærði ekki gefið sjálfstæða lýsingu á atvikum.
129. Hvað varðar meinta nauðgun er aðallega við framburð brotþola að styðjast og hefur framburður hennar í meginatriðum verið stöðugur og skýr í gegnum alla meðferð málsins. Er verknaðarlýsing í ákæru í samræmi við framburð brotþola við rannsókn málsins og fyrir dómi. Er það mat dómsins að framburður hennar sé trúverðugur.
130. Samkvæmt 17. gr. laga nr. 19/1940 skal beita refsingu þótt brot hafi verið framið í öläði eða undir áhrifum annarra nautnalyfja. Hafi verið um fullkomið rænuleysi að ræða skal þó ekki refsað, nema að sakborningur hafi fyrirfram vitað um eða haft fullkomna ástæðu til að ætla að hann myndi fremja brotið meðan á áhrifunum stæði, eða að það myndi leiða af þessu ástandi hans.
131. Framburður ákærða hefur einnig verið stöðugur og telst trúverðugur í ljósi þess hversu mikið alkóhól er talið hafa verið í blóði hans þegar atvik gerðust sem kann að hafa haft áhrif á minni hans um atvik. Þó þarf að hafa í huga að ákærði gerði meira úr ölvunarástandi sínu fyrir dómi en hann hafði gert hjá lögreglu. Kom skýrt fram hjá ákærða hvað hann myndi um atvik í aðdraganda meints brots en þær minningar voru glöppóttar, og myndi hann aðallega eftir að hafa setið í sófa á heimili brotþola. Þá hefði hann ályktað eitthvað um atvik af því sem hann hefði séð í málgögnum. Þrátt fyrir þetta eru engar forsendur til að ætla að ástand ákærða hafi verið með þeim hætti að refsileysi samkvæmt 17. gr. laga nr. 19/1940 eigi við teljist háttsemin sönnuð.
132. Framburður brotþola, C og D er skýr um það að brotþoli og ákærði hafi farið saman niður í herbergi og að brotþoli hafi nokkru seinna komið upp aftur og þá verið í uppnámi og grátandi og haldið því fram að ákærði hefði brotið gegn henni. Brotþoli kvaðst þá hafa verið nakin og fær það stoð í framburði C sem sagði hana hafa einungis verið með peysu utan um sig. D sagði brotþola hins vegar hafa verið klædda þegar hann talaði við hana eftir meint brot en af framburði brotþola og C verður ráðið að brotþoli hafi hitt C eina áður en D kom inn í herbergið. Þá verður af framburði brotþola og C ráðið að þær hafi farið út úr húsinu vegna vanlíðanar sökum þeirra aðstæðna sem voru komnar upp og

hafi D og ákærði þá orðið eftir á heimili þeirra. Samrýmist það framburði D um að þær hafi verið farnar út þegar þeir fóru. Í kjölfar þessa sótti móðir C, vitnið E, þær og fór með þær til lögreglu og var brotþoli komin þangað skömmu eftir meint brot. E og þeir lögreglumenn og heilbrigðisstarfsmenn sem hittu brotþola í kjölfarið báru einnig um að hún hefði þá verið í uppnámi. Lýsing vitna fyrir dómi sem endursögðu frásögn brotþola, þ.e. lögreglumanna, heilbrigðisstarfsmanna, og vitnanna C og E, sem hittu brotþola í kjölfar atviksins, var í meginatriðum í samræmi við framburð brotþola.

133. Samkvæmt framlögðum gögnum leitaði brotþoli lækniaðstoðar þrisvar sinnum í kjölfar meints brots. Fyrst á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum, þar sem tekið var úr henni blóð- og þvagsýni, og var hún síðan flutt á neyðarmóttöku. Við skoðun þar sáust roðaskellir á hálsi og undir höku þar sem hún sagði ákærða hafa tekið um háls sér og kvaðst hún vera aum þar. Einnig hefði hún lýst því að hún væri aum í hársverði þar sem ákærði hefði tekið fast í hár hennar, og væri með verk við leggöng. Þá leitaði brotþoli degi síðar aftur til heilbrigðisstofnunarinnar og var þá með marblett á báðum mjöðmum. Loks leitaði hún til heilbrigðisstofnunarinnar 15. september, eða 13 dögum eftir meint brot, og reyndist hún þá vera með tvo marbletti, annan framan á hálsi vinstra megin og hinn á vinstra læri utanverðu neðan við mjöðmina. Liggja fyrir ljósmyndir af framangreindum áverkum brotþola.
134. Fyrir dómi staðfestu þeir læknafró sem skoðuðu brotþola framangreinda áverka. Kom fram hjá þeim lækni sem skoðaði brotþola á neyðarmóttöku að hugsanlegt væri að þeir áverkar sem brotþoli reyndist vera með á hálsi gætu samrýmst því að hún hefði verið tekin hálstaki. Taldi hún einnig að þeir marblettir sem brotþoli reyndist vera með á mjöðmum daginn eftir gætu stafað frá meintu broti, en brotþoli bar um það fyrir dómi að ákærði hefði haldið henni niðri með því að halda um mjaðmir hennar eftir að hann losaði tak á hári hennar og hálsi.
135. Þá bar brotþoli um að hafa verið með sviða og roða á kinnnum eftir að ákærði sló hana. Lögreglumaður nr. Q staðfesti að brotþoli hefði verið grátbólgin og rauð á kinn þegar hún kom á lögreglustöðina skömmu eftir meint brot. Þá er rakið í skýrslu sem tekin var af brotþola þegar hún var á heilbrigðisstofnuninni skömmu síðar að hún hefði þá verið í miklu uppnámi, grátandi og rauð vinstra megin á vanga, við höku, og staðfesti lögreglumaður nr. R þessa lýsingu fyrir dómi.
136. Loks verður ráðið af framburði brotþola, C og móður brotþola, vitnisins I, og fær það stoð í framlagðri sjúkraskrá brotþola, að brotþoli hefur glímt við aukna og alvarlega

vanlíðan í kjölfar meints brots sem rakin verði til þess.

137. Er það mat dómsins að sannað sé með framangreindum gögnum að brotþoli hafi verið með framangreinda áverka í kjölfar meints brots. Verða þeir taldir samrýmast frásögn brotþola af atvikum og renna stoðum undir framburð hennar. Í málsgögnum liggur fyrir frásögn C um að brotþoli hafi lent í átökum sama kvöld áður en meint brot átti sér stað og þá fengið höfuðhögg. Ekkert er hins vegar fram komið sem bendir til þess að brotþoli hafi þá hlotið áðurnefnda áverka. Þeir áverkar sem brotþoli reyndist vera með eru í samræmi við það ofbeldi sem lýst er í ákæru.
138. Með vísan til niðurstöðu DNA-rannsóknar á sýnum sem tekin voru af lim og fingrum ákærða telst sannað að hann hafi haft samræði við brotþola eins og hún bar um. Fær það einnig stoð í framburði sérfræðings tæknideildar sem bar um að þetta benti til þess að mikil snerting hefði verið á milli ákærða og brotþola og mjög líklega bein snerting. Einnig fær þetta stoð í framburði C og D sem gerðu bæði ráð fyrir að það væri ástæða þess að þau hefðu farið saman niður, lýsingu þeirra á atvikum þegar brotþoli kom upp aftur, og því að fatnaður ákærða, bolur og sokkar, fundust í herbergi brotþola.
139. Af framburði brotþola og annarra sem voru í húsinu þegar atvik gerðust verður ekki skýrt ráðið hvort tónlist eða annar hávaði hefði getað hindrað það að þau sem voru á efri hæðinni hefðu heyrt í ákærða og brotþola eða hversu hljóðbært er í húsinu en brotþoli bar um að hafa einu sinni reynt að kalla á hjálp með því að kalla *öryggisorð* hennar og C. Á upptöku af brotþola og ákærða sem vitnið D tók má heyra háværa tónlist í bakgrunni en upptakan var gerð áður en meint brot átti sér stað. Þá báru brotþoli og C um að lítið hefði almennt heyrst á milli hæða en fyrir liggur að um timburhús var að ræða og að herbergi brotþola var ekki við hlið stigaopsins og hurð þess lokuð samkvæmt brotþola. Af framangreindu og því sem fram er komið um aðstæður í húsinu verður ekki fullyrt að D og C hefðu átt að heyra til brotþola og ákærða miðað við lýsingu brotþola á atvikum.
140. Eins og rakið hefur verið metur dómurinn framburð bæði brotþola og ákærða trúverðugan. Framburður brotþola fær hins vegar stoð í þeim gögnum sem að framan eru rakin, andstætt framburði ákærða. Er fram komið að brotþoli var í uppnámi eftir að hún fór út úr herberginu og reyndist vera með áverka, m.a. á hálsi og roða á kinn, sem eru í samræmi við lýsingu brotþola. Hún leitaði strax aðstoðar lögreglu og bendir framburður vitna sem hittu hana í kjölfarið til þess að hún hafi þá verið í uppnámi. Hefur framburður hennar verið stöðugur í gegnum alla meðferð málsins um þau atriði er máli

skipta. Þá er ekkert fram komið sem bendir til þess að brotþoli hafi vitað hver ákærði var þegar meint brot átti sér stað og þekkt forsögu hans heldur einungis þekkt hann undir millinafni. Er því, og með vísan til atvika að öðru leyti, alfarið hafnað vörnum ákærða á því byggðum að eftirsjá hafi valdið því að brotþoli lagði fram kæru. Verður framburður brotþola því lagður til grundvallar niðurstöðu málsins þrátt fyrir neitun ákærða. Með vísan til framangreinds telst sannað að ákærði hafi sýnt að sér þá háttsemi gagnvart brotþola sem lýst er í ákæru.

141. Í almennum athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 16/2008, er breytti 1. mgr. 194 .gr. laga nr. 19/1940 í framangreint horf, segir að nauðsynlegt sé að skilgreina nauðgun út frá skorti á samþykki til þess að unnt sé að veita kynfrelsi fullnægjandi réttarvernd. Um samþykki segir nánar í athugasemdunum að það þurfi að tjáð með orðum eða annarri ótvíræðri tjáningu. Það þýði að gefa þurfi samþykki til kynna eða að virk þátttaka í tiltekinni athöfn verði túlkuð sem samþykki af hálfu annars eða annarra þátttakenda. Þá segir í athugasemdunum að samþykki fyrir þátttöku í samræði eða öðrum kynferðismökum afmarkist við það tiltekna tilvik og við þær kynferðislegu athafnir sem samþykkið nær til. Af kynfrelsi leiði að eðlilegt sé að þátttakandi í kynferðislegri athöfn geti hvenær sem er skipt um skoðun um þátttöku sína. Slík skoðanaskipti verði að tjá með orðum eða annarri tjáningu þannig að annar eða aðrir þátttakendur verði þess áskynja.
142. Óumdeilt er að þegar ákærði og brotþoli hófu samræði lá fyrir samþykki brotþola. Hún féll síðan frá þegar ákærði tók að beita hana ofbeldi. Fyrst hafi hann togað í hár hennar og slegið hana utan undir og hún þá beðið hann að hætta því og þau þá haldið áfram að hafa samræði. Ákærði hafi síðan slegið brotþola aftur og þá hafi hún viljað hætta. Er ekkert fram komið sem bendir til þess að ákærði hafi mátt ætla að hann mætti halda áfram að slá hana eftir að hún bað hann að hætta því. Í kjölfar þessa beitti ákærði brotþola grófu ofbeldi, þ.e. tók hana kverkataki þannig að hún átti erfitt með andardrátt og sló hana a.m.k. tvisvar í andlitið á meðan. Er ekkert fram komið sem bendir til þess að ákærði hafi mátt ætla að brotþoli hafi verið samþykkt því. Kvaðst brotþoli hafa gefið ákærða það skýrt til kynna að hún vildi hætta samræðinu með orðum og með því að reyna að komast undan honum en hann þá haldið henni niðri, annars vegar með hálstaki og hins vegar með því að halda um mjaðmir hennar á meðan hann hafði samræði við hana, og nýtt sér þannig líkamlega yfirburði sína.
143. Þar sem verndarandlag nauðgunarákvæðisins er sjálfsákvörðunarréttur og athafnafrelsi

fólks í kynlífi er ekki unnt að líta svo á að samþykki sem brotþoli veitti ákærða til að hafa samfarir við hana hafi tekið til hvers konar kynferðisathafna af hans hálfu. Í þeim athöfnum, sem samkvæmt framansögðu telst sannað að ákærði hafi viðhaft gagnvart brotþola á meðan á kynferðismökum þeirra stóð, fólst gróft ofbeldi af hans hálfu og ólögmæt nauðung.

144. Ásetningur er saknæmisskilyrði samkvæmt 194. gr. laga nr. 19/1940 og þarf hann að ná til allra efnisþátta verknaðar. Gat ákærða ekki annað en verið ljóst að hann væri með háttsemi sinni að þvinga brotþola til áframhaldandi kynmaka með því að halda henni og beita hana beinu ofbeldi eftir að brotþoli hafði fallið frá samþykki og beðið hann um að hætta. Hlaut ákærða að vera ljóst að hann þyrfti samþykki fyrir þeirri ofbeldisfullu háttsemi sem hann sýndi brotþola og gat hann með engu móti litið svo á að það lægi fyrir. Sú háttsemi ákærða að spyrja brotþola í kjölfarið hvort hún ætlaði að koma aftur með honum inn í herbergið eftir að hún fór upp verður ekki, eins og atvikum er háttað, talin vera vísbending um ákærði hafi mátt ætla að brotþoli hefði ekki fallið frá samþykki sínu til samræðis eða mótmælt ofbeldi hans. Eins og atvikum er háttað eru engar forsendur til að meta háttsemi ákærða til gáleysis, sbr. 18. gr. laga nr. 19/1940, eins og ákærði byggir á, og telst ásetningur hans til brotsins sannaður. Braut ákærði þannig með augljósum hætti gegn sjálfsákvörðunarrétti og kynfrelsi brotþola.
145. Í ákæru er ákærði sakaður um nauðgun með því að hafa haft samræði og önnur kynferðismök við brotþola gegn vilja hennar með ofbeldi og ólögmætri nauðung og því lýst að ákærði hafi haldið henni niðri og beitt hana ofbeldi á meðan hann hafi við hana samræði. Þannig er ekki í ákæru lýst háttsemi sem fellur undir skilgreiningu á öðrum kynferðismökum og verður ákærði því ekki sakfellur fyrir slíka háttsemi. Með vísan til framangreinds telur dómurinn sannað svo að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi án samþykkis brotþola og með ofbeldi og ólögmætri nauðung haft samræði við hana eins og í ákæru greinir, að teknu tilliti til framangreinds. Er háttsemi ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

VIII

146. Hvað varðar það sakarefni sem greinir í ákæru dags. 9. febrúar 2024 er ákærði þar ákærður fyrir brot í nánú sambandi, en til vara fyrir hótun og líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 21. maí 2020 veist með ofbeldi að brotþola, B, þáverandi sambúðarkonu sinni. Er háttsemi ákærða í ákæru talin varða við 1. mgr. 218. gr. b í lögum

nr. 19/1940, en til vara við 217. gr. og 233. gr. sömu laga.

147. Ákærði og brotþoli kynntust árið 2014, þegar brotþoli var 14 ára en ákærði 17 ára, og samkvæmt framburði þeirra fyrir dómi lauk sambandi þeirra á árinu 2021. Á þessu tímabili hefðu þau verið saman annað slagið og hefur brotþoli lýst ítrekuðu ofbeldi ákærða í sinn garð. Ákærði hefur verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir stórfellda líkamsárás samkvæmt 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940 á hendur brotþola auk brots gegn 217. gr. sömu laga og fyrir að brjóta gegn nálgunarbandi sem lagt hafði verið á hann gagnvart brotþola.
148. Brotþoli gaf við rannsókn málsins skýrslur þann 8. júní 2020, 25. ágúst 2020 og 7. desember 2020 og var þá í einhverjum tilvikum jafnframt að gefa skýrslu vegna annarra atvika. Liggja skýrslur hennar fyrir í hljóði og mynd.
149. Þann 8. júní lýsti brotþoli því að ákærði hefði þann 21. maí 2020 slegið hana í bakið með kodda, tekið í mitti hennar og sett hana yfir axlir sínar og hent henni niður þannig að hún skall með hnakkann á gólfið og síðan farið ofan á hana og tekið um háls hennar með báðum höndum þannig að hún gat ekki andað. Þá hefði hann sparkað *kicksparki* í maga hennar og þá hoppað og sparkað í maga hennar þar sem hún sat á rúminu, rifið í hár hennar og sett vítamín í vatn og skvett því á andlit hennar. Í skýrslu 25. ágúst lýsti brotþoli atvikum á sambærilegan hátt en einnig kom fram hjá henni að ákærði hefði lagt hníf upp að hálsi hennar og hótað því að skera hana á háls en fyrir liggur að hún lýsti því einnig fyrir hjúkrunarfræðingi við komu á bráðamóttöku. Þannig kom fram hjá brotþola við rannsókn málsins sú lýsing á atvikum sem fram kemur í ákæru og á það einnig við um framburð hennar fyrir dómi.
150. Ákærði neitar sök. Sagði hann bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að þessi atvik hefðu ekki gerst og gæti hann því ekki gefið neinar lýsingar á þeim og myndi ekki eftir þessum degi. Þá taldi hann að brotþoli hefði verið hjá honum í íbúðinni að [...] þegar hann dvaldist þar en neitaði alfarið að hafa veitt brotþola þá áverka sem í ákæru greinir.
151. Fyrir liggja gögn sem staðfesta að brotþoli hafði samband við réttargæslumann sinn kl. 03:11 um nóttina í kjölfar meintrar árásar og óskaði eftir að fá að hitta hana morguninn eftir og fór þá einnig á bráðamóttöku. Samkvæmt gögnum frá bráðamóttöku sagði brotþoli að ráðist hefði verið á hana fyrir kl. 02:00 um nóttina. Þá kemur fram í vottorði, og í vætti þess læknis sem skoðaði brotþola á bráðamóttöku, að hún hefði þá verið með yfirborðsáverka á hálsi og öxl og mar og yfirborðsáverka í andliti fyrir neðan auga, eins og rakið er í ákæru. Liggja fyrir ljósmyndir af áverkunum. Lýsti læknirinn því fyrir dómi

að brotaþoli hefði verið með flekkblæðingar og rispur á hálsi, yfirborðsáverka á hægri öxl og hægri hluta andlits og neðan auga. Þá staðfesti móðir brotaþola að hafa séð áverka á hálsi hennar eftir meinta árás. Með framangreindu telst sannað að brotaþoli hafi við komu á bráðamóttöku verið með þá áverka sem í ákæru greinir.

152. Eins og að framan er rakið hefur brotaþoli ítrekað lýst atvikum í gegnum meðferð málsins og hefur framburður hennar verið stöðugur í meginatriðum. Ljóst er af lýsingu hennar á atvikum að hún varð fyrir margþættri árás í þeim skilningi að beitt var ýmsum aðferðum við árásina sem virðist hafa staðið í nokkurn tíma. Geta þeir áverkar sem brotaþoli reyndist vera með á hálsi samrýmst lýsingu brotaþola samkvæmt vætti þess læknis sem skoðaði hana og taldi þá geta stafað af hálstaki. Aðrir áverkar sem brotaþoli reyndist vera með verða hins vegar ekki taldir vera sértækir fyrir þá háttsemi sem ákærði er að öðru leyti ákærður fyrir, þ.e. yfirborðsáverkar á hægri öxl og hægri hluta andlits og neðan auga. Verður ekki ályktað sem svo að þeir hafi hlotist af því þegar brotaþoli skall með hnakkann í gólfið, sparkað var ítrekað maga hennar eða annarri þeirri háttsemi sem lýst er í ákæru. Ekki sást áverka á kvið brotaþola þrátt fyrir að brotaþoli bæri um ítrekuð spörk ákærða í maga hennar og í skýrslu sinni fyrir dómi taldi hún að spörk ákærða hefðu einnig lent á öðrum líkamshlutum hennar en gat ekki lýst hvaða.
153. Þá lýsti brotaþoli því fyrir dómi að ákærði hefði ráðist á hana daginn áður eða sama dag og þau atvik gerðust er greinir í ákæru og þá slegið hana auk þess sem hann hafi brotið gegn henni kynferðislega eftir árásina. Engu að síður kom skýrt fram hjá brotaþola að hún teldi þá áverka sem lýst er í ákæru stafa frá þeirri árás ákærða sem þar er lýst.
154. Samkvæmt framburði brotaþola leitaði hún á slysadeild eftir að ákærði var farinn á sjó. Nokkur tími frá því að atvik gerðust þar til árásin var kærð til lögreglu og rannsóknin málsins hófst. Um háttsemi og ferðir ákærða þessa nótt liggur einungis fyrir framburður brotaþola. Af framburði bæði ákærða og brotaþola verður ráðið að þau bjuggu saman í íbúðinni að [...] 21. maí 2020.
155. Framburður brotaþola hefur í meginatriðum verið stöðugur um atvik og metur dómurinn hann trúverðugan. Þá hefur framburður ákærða verið samhljóða hjá lögreglu og fyrir dómi um að hann muni ekki eftir þessum degi og að atvik eins og þessi hefðu ekki gerst. Er ekki forsendur til annars en að meta framburð hans einnig trúverðugan en ákærði var fyrst yfirheyrður um atvik um tveimur og hálfum mánuði eftir meinta árás, en nú eru liðin um fjögur ár frá henni. Eins og að framan var rakið styðja þeir áverkar sem brotaþoli reyndist vera með að hluta til lýsingu hennar á atvikum. Við mat á sönnun um sekt

ákærða verður ekki, í samræmi við dómaframkvæmd og eins og atvikum er háttað, á því byggt að ákærði hafi áður orðið uppvís að líkamsárásum gagnvart brotþola eða á framburði vitna sem byggja á endursögn á frásögn brotþola. Önnur gögn en framburður brotþola hafa ekki verið færð fram því til stuðnings að ákærði hafi ráðist á hana og hóttað henni eins og í ákæru greinir. Verður ákærði að njóta þess vafa sem uppi er um sekt hans. Í ljósi framangreinds verður ekki talið, gegn neitun ákærða, að sannað sé svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, og verður hann því sýknaður.

IX

156. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 9. febrúar 2024, var ákærði með dómi héraðsdóms [...] 2020 dæmdur í tveggja mánaða fangelsi vegna brots gegn nálgunarbanni. Þá var ákærði með dómi Landsréttar [...] 2021 dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás sem talin var varða við 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, líkamsárás sem talin var varða við 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940 og hótanir.
157. Við ákvörðun refsingar ákærða verður til refsipýngingar litið til 1., 2., 3. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940, en brot ákærða var gróft, hafði alvarlegar afleiðingar fyrir brotþola og með því braut hann gróflega gegn kynfrelsi hennar..
158. Þegar ákæra var gefin út 13. júlí 2023 var liðið eitt ár og 10 mánuðir frá því að atvik gerðust. Þá hefur meðferð málsins dregist nokkuð fyrir héraðsdómi eins og að framan er rakið. Verður ákærða ekki kennt um þann drátt sem orðið hefur á meðferð málsins og verður litið til þess ákærða til málsbóta við ákvörðun refsingar. Að öðru leyti á ákærði sér engar málsbætur. Með vísan til framangreinds og með hliðsjón af sakaferli ákærða, sbr. 5. tölulið, 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Í ljósi alvarleika brotsins og með hliðsjón af dómafordæmum er ekki tilefni til að skilorðsbinda refsingu ákærða.
159. Í málinu gerir brotþoli samkvæmt ákæru dags. 13. júlí 2023, A, kröfu um miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna, auka vaxta og dráttarvaxta. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot gegn 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940 og hefur með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 gagnvart brotþola. Er háttsemi ákærða til þess fallin að valda brotþola miska. Þá má af framburði brotþola og vitna ráða að háttsemin olli brotþola mikilli vanlíðan sem hún er enn að glíma við.

Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 2.000.000 króna, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði, en krafan var birt fyrir ákærða 20. apríl 2022.

160. Eftir framangreindri niðurstöðu verður einkaréttarkröfu brotþola samkvæmt ákæru dags. 9. febrúar 2024, B, vísað frá dómi með vísan til 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.
161. Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, sem alls eru ákveðin 3.526.560 krónur, en helmingur greiðist úr ríkissjóði, 16.416 krónur í aksturskostnað lögmannsins og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, A, Ólafs V. Thordersen lögmanns, sem ákveðin er 1.313.780 krónur. Þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, B, Sögu Ýrar Jónsdóttur lögmanns, sem ákveðin eru 1.861.860 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Þá greiði ákærði 472.842 krónur í annan sakarkostnað í samræmi við framlagt yfirlit ákæruvaldsins vegna ákæru dags. 13. júlí 2023 en annar sakarkostnaður vegna ákæru dags. 9. febrúar 2024, 48.180 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar lögmannanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts, eftir atvikum vinnu þeirra á rannsóknarstigi, og reglna Dómstólasýslunnar nr. 1/2024.
162. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari.
163. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Guðmundur E. Briem Sigurvinsson, sæti fangelsi í þrjú ár.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 2. september 2021 til 20. maí 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Bótakröfu B er vísað frá dómi.

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, sem alls eru ákveðin 3.526.560 krónur, en helmingur greiðist úr ríkissjóði, 16.416 krónur í aksturskostnað, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, A, Ólafs V. Thordersen lögmanns, 1.313.780 krónur, og 472.842 krónur í annan sakarkostnað. Þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola B, Sögu Ýrar Jónsdóttur, 1.861.860 krónur, og sakarkostnaður vegna ákæru, dags. 9. febrúar 2024, 48.180 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir